



Sjálfbærniskýrsla 2024



Efnisyfirlit

Ávarp forstjóra

1. Þetta er Terra

- 1.1. Okkar hlutverk
- 1.2. Árið 2024 í tölum
- 1.3. Sagan okkar
- 1.4. Stjórn
- 1.5. Framkvæmdastjórn
- 1.6. Skipurit
- 1.7. Terra Einingar
- 1.8. Öryggisgirðingar

2. Stefna og framtíðarsýn

- 2.1. Framtíðarsýnin okkar
- 2.2. Framtíðarsýn 2026
- 2.3. Sjálfbær rekstur til framtíðar

3. Við viljum stuðla að sjálfbærni

- 3.1. Um skýrsluna
- 3.2. Betra samfélag ef við stuðlum öll að sjálfbærni
- 3.3. Sjálfbærnivegferð okkar

4. Leiðin að okkar áherslum í sjálfbærni

- 4.1. Það sem við gerðum til þess að finna okkar áherslur
- 4.2. Niðurstöður mikilvægisgreiningar

5. Sjálfbærnistefna

- 5.1. Sjálfbærnistefna
- 5.2. Terra og Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna

6. UFS markmiðin

7. Umhverfispættir

- 7.1. Stefnuáherslur í umhverfismálum
- 7.2. Markmið og aðgerðaáætlun í umhverfispáttum
- 7.3. Hringrásarhugsun í allri virðiskeðjunni
- 7.4. Mikilvægar lagabreytingar í átt að hringrásarhagkerfinu
- 7.5. Endurnýtingahlutfall úrgangs viðskiptavina
- 7.6. Samsetning úrgangs viðskiptavina
- 7.7. Hvar endar úrgangurinn?
- 7.8. Skemmtileg hringrásarverkefni á árinu
- 7.9. Hvað getum við gert?
- 7.10. Losun gróðurhúsa-lofttegunda

- 7.11. Mengun frá starfsstöðvum og starfsemi
- 7.12. Úrgangur frá rekstri
- 7.13. Áhrif á líffræðilega fjölbreytni

8. Félagslegir þættir

- 8.1. Stefnuáherslur í félagslegum þáttum
- 8.2. Markmið og aðgerðaáætlun í félagslegum þáttum
- 8.3. Mannauðurinn okkar
- 8.4. Það verður að vera gaman
- 8.5. Heilsa og öryggi
- 8.6. Komum heil heim
- 8.7. Við viljum vera fjölbreytt
- 8.8. Jafnrétti á vinnustað
- 8.9. Kynjaskipting hjá Terra
- 8.10. Aðgerðir gegn mismunun
- 8.11. Starfspjálfun og þróun í starfi
- 8.12. Viðskiptaánægja
- 8.13. Tæknilausnir
- 8.14. Gæðavottun og stöðugar umbætur
- 8.15. Við hvetjum viðskiptavini okkar áfram
- 8.16. Samfélagsleg áhrif
- 8.17. Við styrktum ýmis verkefni á árinu
- 8.18. Við erum bakhjarl KLAK – Icelandic Startups / Hringiðu

9. Stjórnarhættir

- 9.1. Stefnuáherslur í stjórnarháttum
- 9.2. Markmið og aðgerðaáætlun í stjórnarháttum
- 9.3. Birgjamat
- 9.4. Eftirlit og áhættustjórnun
- 9.5. Umhverfisstefna og stjórnunarkerfi
- 9.6. Upplýsingagjöf

10. Stöðugar umbætur

11. Flokkunarreglugerðin

12. Sjálfbærniuppgjör 2024



Ávarp forstjóra

Árið 2024 var ár framfara og innleiðingar á nýjum lausnum sem styrkja starfsemi Terra og stuðla að sjálfbærari framtíð. **Mikilvægasta breytingin á árinu var innleiðing á nýju aksturs- og þjónustukerfi sem hefur afar jákvæð áhrif á þjónustu félagsins en með þessari nýjung höfum við aukið yfirsýn okkar og viðskiptavina, bætt gagnaöflun og eftl þjónustu við viðskiptavinum okkar til muna.**

Hringrásarlögin sem tóku gildi árið 2023 hafa haft áhrif á útboð sveitarfélaga og breytingar á sorphirðu í takt við kröfur um aukna flokkun úrgangs. Þetta er afar jákvæð þróun því hreinni straumar úrgangs auðveldar okkur að koma meira efni og verðmætara inn í hringrásarhagkerfið.

Þetta er þriðja sjálfbærnisráðgjafan félagsins og er sjálfbærni nú orðin órjúfanlegur hluti af daglegum störfum og ákvörðunum í starfsemi Terra.

Það er ánægjulegt að sjá aukna þátttöku starfsfólks í að innleiða sjálfbærni í kjarnarekstur félagsins.

Rekstur Terra felur í sér töluverða losun gróðurhúsa-lofttegunda enda felst meginstarfsemin í að sækja efni frá viðskiptavinum og koma þeim í réttan farveg. Stórt skref var tekið í orkuskiptum samgangna á árinu þegar Terra skrifaði, ásamt öðrum fyrirtækjum, undir viljayfirlýsingu um kaup á **vetnisknúnum** vöruflutningabíl. Þessi skuldbinding undirstrikar mikilvægi þess að leita nýrra lausna til að minnka kolefnisspor okkar enn frekar. Á árinu voru keyptir 12 nýir söfnunarbílar, þar af 2 metanbílar og á félagið nú **11 metanbíla í heildina**. Allt þetta hefur jákvæð áhrif og dróst losun vegna eldsneytis saman um **17,4%** milli ára þrátt fyrir mikinn akstur.

Matarsóun var **49% minni** en árið áður en við bættum skráningu og utanumhald á árinu. Allt telur og styður við markmið okkar að draga markvisst úr sóun.



Við vitum þó að áskoranir eru til staðar og enn eru of mörg slys og atvik hjá okkur. Við munum halda áfram að vinna að umbótum í öryggismálum og fræðslu til að tryggja öruggt og heilbrigt vinnuumhverfi fyrir okkar starfsfólk.

Hlutverk Terra er að styðja við sjálfbærni viðskiptavina okkar með því að tryggja að allt sem til fellur fái réttan farveg. Með nýjum tæknilausnum, hreinni efnisstraumum og áframhaldandi orkuskiptum, höldum við áfram að byggja sjálfbæra framtíð fyrir komandi kynslóðir.

Valgeir Baldursson,
Forstjóri Terra





1. Þetta er Terra



1.1. | Okkar hlutverk

Okkar hlutverk er að safna efnum og koma þeim í réttan farveg

Kjarnastarfsemi félagsins er víðtæk umhverfisþjónusta en fyrirtækið hefur starfað við söfnun og flokkun úrgangs og endurvinnsluefna frá árinu 1984. Félagið vinnur með fyrirtækjum, opinberum aðilum og einstaklingum í flokkun og umhverfisvænni úrgangsstjórnun með áherslu á að koma öllum þeim efnum sem falla til í viðeigandi farveg og aftur inn í hringrásarhagkerfið. Með þeim hætti stuðlum við að sjálfbærni viðskiptavina og vinnum með þeim að því að skilja ekkert eftir.

Verðmætasköpun fyrirtækisins felst því fyrst og fremst í þjónustu við viðskiptavini, að leigja söfnunarílát til viðskiptavina, sækja og flokka úrgang þeirra og koma síðan til endurnýtingar, endurvinnslu eða í annan farveg.



Ráðgjöf



Leiga á ílátum



Söfnun




Flokkun og
vinnsla






Höfuðstöðvar

Félagið er með höfuðstöðvar í Hafnarfirði en auk þess er félagið með starfsstöðvar á Akureyri, Reyðarfirði, Akranesi, á Blönduósi, Skagaströnd og í Vestmannaeyjum og þjónustar samfélögin og söfnunarstöðvar í nágrenni þeirra.







1.2. | Árið 2024 í tölum




8,3
milljarðar kr.
velta
↓ 1%




1.090
milljónir kr.
EBITDA
↓ 1%




13%
EBITDA
↓ 1%




74,6%
endurnýtingar-
hlutfall viðskiptavina
↑ 6.6%



245
fjöldi bíla
og tækja
0%




5.704
heildarlosun
(tCO2Í)
↓ 5.6%



3,7 milljón
leigudagar á ílátum
↓ 9.8%




276
fjöldi starfsfólks
↑ 7.4%



14
þjóðerni starfsfólks




13% 87%
konur karlar
↓ 3% ↑ 3%



37%
viðskiptavina
eru einstaklingar




61%
viðskiptavina
eru fyrirtæki



2%
viðskiptavina eru
opinberir aðilar



1.3. | Sagan okkar





1.4. | Stjórn

Frá aðalfundi 2024 voru haldnir 11 stjórnarfundir og tóku allir stjórnarmenn þátt í öllum stjórnarfundum tímabilsins.

Stjórn félagsins er skipuð einum karli og tveimur konum og uppfyllir því ákvæði laga um kynjahlutföll í stjórnnum hlutafélaga.

Sjá nánar stjórnarháttayfirlýsingu stjórnar í ársreikningi félagsins.

Forstjóri situr stjórnarfundum, auk framkvæmdastjóra fjármálasviðs sem er ritari stjórnar.

Stjórn Terra er skipuð eftirfarandi aðilum:

Ólöf Pétursdóttir, stjórnarformaður, er fædd árið 1981. Hún var fyrst kosin í stjórn Terra árið 2023. Ólöf hefur lokið M.Sc. prófi frá Háskólanum í Reykjavík í fjárfestingastjórnun. Hún starfar í dag hjá Stefni í teymi sérhæfðra hlutabréfa og situr í stjórn Íveru. Áður starfaði hún í eignastýringarteymi Lífeyrissjóðs verslunarmanna og þar áður í fyrirtækjaráðgjöf Arctica Finance.

Einar Örn Ólafsson, meðstjórnandi, er fæddur árið 1973 og tók fyrst sæti í stjórn árið 2018. Einar er með MBA gráðu frá NYU Stern School of Business og hefur lokið iðnaðarverkfræði frá Háskóla Íslands. Einar er forstjóri Fly Play hf. ásamt því að sinna stjórnarstörfum og fjárfestingum. Áður var Einar framkvæmdastjóri Fjarðalax, forstjóri Skeljungs og sinnti ýmsum stjórnunarstörfum í bankastarfsemi.

Sigurbjörg Ólafsdóttir, meðstjórnandi er fædd 1978. Hún var fyrst kosin í stjórn Terra árið 2024. Sigurbjörg er með B.Sc í véla- og iðnaðarverkfræði frá Háskóla Íslands og hefur lokið löggildingu í verðbréfaviðskiptum. Hún starfar sem fjármálastjóri fasteignafélagsins Kaldalóns. Sigurbjörg er með um 21 árs starfsreynslu á fjármálamarkaði og starfaði m.a. sem forstöðumaður fasteigna- og innviðateymis á fyrirtækjasviði Arion banka, sem og forstöðumaður í áhættustýringu. Fyrst sem forstöðumaður yfir rekstraráhættu, síðan útlánaáhættu og svo efnahagsáhættu. Sigurbjörg sat í stjórn HD og fasteignafélagsins Landfesta ehf.





1.5. | Framkvæmdastjórn

Framkvæmdastjórn Terra er skipuð fimm framkvæmdastjórum ásamt forstjóra félagsins. Framkvæmdastjórar stoðsviðanna veita öðrum félögum í samstæðunni skrifstofu- og stoðþjónustu.

Félagið samanstendur af eftirtöldum sviðum; fjármál og upplýsingatækni, sjálfbærni og menning, efni og úrvinnsla, sala og ráðgjöf, akstursþjónusta og viðskiptaþróun. Framkvæmdastjóri Terra Eininga, dótturfélags Terra, og Öryggisgirðinga, dótturfélags Terra Eininga, situr einnig í framkvæmdastjórn félagsins.



Valgeir Baldursson, forstjóri félagsins er fæddur 1970 og hefur verið forstjóri félagsins frá maí 2021. Auk þess er Valgeir stjórnarformaður Öryggisgirðinga ehf og hefur verið starfandi framkvæmdastjóri sviðs akstursþjónustu á árinu. Hann lauk MBA-námi frá Háskólanum í Reykjavík árið 2007, hafði áður lokið viðskipta- og stjórn málafræði frá Háskóla Íslands árið 1993 og stúdentsprófi frá Menntaskólanum við Sund árið 1990.

Valgeir starfaði áður sem framkvæmdastjóri fjárfestinga og reksturs hjá VÍS 2017-2021. Þar áður starfaði hann hjá Skeljungi í átta ár. Frá 2014-2017 sem forstjóri Skeljungs, 2011-2014 sem framkvæmdastjóri neytendasviðs og 2009-2011 sem fjármálastjóri. Hann hefur setið í ýmsum stjórnnum á vegum Skeljungs 2009-2017, SPRON 2006-2009 og annarra fyrirtækja.

Framkvæmdastjórn félagsins er skipuð eftirfarandi starfsfólki, auk forstjóra, þar sem hver og einn framkvæmdastjóri ber ábyrgð á tilteknu sviði gagnvart forstjóra:



Arngrímur Sverrisson er framkvæmdastjóri viðskiptaþróunar.



Davíð Þór Jónsson er framkvæmdastjóri fjármála og upplýsingatækni sviðs, ásamt því að sitja í stjórn dótturfélags Terra Eininga, Öryggisgirðingar.



Gróa Björg Baldvinsdóttir er framkvæmdastjóri sjálfbærni og menningar, ásamt því að sitja í stjórn dótturfélags Terra Eininga, Öryggisgirðingar.



Guðmundur Páll Gíslason er framkvæmdastjóri sölu- og ráðgjafar.



Jón H. Steingrímsson er framkvæmdastjóri efna og úrvinnslusviðs.



1.6. | Skipurit





1.7. | Terra Einingar

Hluti af framτίðarlausnum á íslenskum byggingamarkaði

Dótturfélagið Terra Einingar er leiðandi fyrirtæki í einingalausnum hvort sem um er að ræða húsnæði fyrir skóla, leikskóla, skrifstofur og vinnubúðir eða gistieiningar í ferðaþjónustu. Einingalausnirnar minnka byggingarkostnað, stytta framkvæmdatíma og auka sjálfbærni, sem felst m.a. í því að auðvelt og hagkvæmt er að endurnýta byggingarnar og færa til eftir þörfum. Félagið leggur áherslu á sveigjanlegar lausnir eftir þörfum hvers og eins viðskiptavinar.



Fannar Örn Þorbjörnsson,
framkvæmdastjóri Terra
Eininga

„Við sjáum um
heildarferlið allt
frá hugmynd að
veruleika og er
þar um að ræða
ráðgjöf, hönnun,
framleiðslu,
uppsetningu og
fullnaðarfrágang.



Félagið hefur verið í örum vexti undanfarin ár sem endurspeglast m.a. í eftirfarandi verkefnum og tölum félagsins fyrir árið 2024:

Einingalausnirnar eru hluti af framτίðarlausnum á íslenskum byggingamarkaði en húsnæði á viðráðanlegu verði er orðið að samfélagsvandamáli og verð fer hækkandi.

Mikil þörf er á húsnæði á viðráðanlegu verði til að mæta þeim vanda. Terra Einingar vill taka virkan þátt í að mæta þeim vanda með sveigjanlegum lausnum fyrir fjölbreyttan hóp,”

segir framkvæmdastjóri félagsins, Fannar Örn Þorbjörnsson.

- Á árinu skilaði félagið meðal annars af sér tveimur sérframleiddum og fullfrágengnum leikskólum fyrir Reykjavíkurborg. Að auki var talsverð aukning í tímabundnu húsnæði sem viðbætur við núverandi skólahúsnæði og vinnubúðum á verkstöðum úr samsettum og stöðluðum einingum.
- Leigutekjur hafa vaxið hvað mest undanfarin ár og nam tekjuaukning í leigu um 30% á milli ára.
- Heildarfermetrar húsnæðis í leigu hjá Terra Einingum er rúmlega 12 þúsund fermetrar.
- Stöðugildi stóðu í stað á milli ára og eru í dag um 16 fastráðnir starfsmenn.
- Styrking innviða með innleiðingu á nýju fjárhagskerfi auk innleiðingar á leigukerfi sem heldur utan um leigusamninga. Bæði eykur yfirsýn eigna með mun betri hætti og eykur sjálfvirkni



1.8. | Öryggisgirðingar

Um mitt árið keypti Terra Einingar fyrirtækið Öryggisgirðingar og varð Öryggisgirðingar dótturfyrirtæki Terra Eininga.

Öryggisgirðingar var stofnað af hjónunum Þórði og Dagnýju árið 2013 og hefur það vaxið og dafnað allt frá þeim tíma. Hjá Öryggisgirðingum starfa að jafnaði 12 starfsmenn við sölu, þjónustu og uppsetningu ásamt stálsmíði og tæknivinnu.

Öryggisgirðingar er þekkt fyrirtæki á sínum markaði fyrir hágæða vörur og góða þjónustu. Vöruframboð fyrirtækisins er víðtækt og má nefna girðingar fyrir margvíslegan tilgang, rennihlið, hraðhlið ásamt sjálfvirkum bómuhliðum til að aðgangstýra inn á bílastæði og einkalóðir. Mikil tækifæri eru á markaði fyrir vörur fyrirtækisins og samlegð við vöruframboð Terra Eininga. Bæði fyrirtækin starfa á byggingamarkaði og því nýtist aukið vöruframboð ásamt þekkingu og reynslu beggja fyrirtækja til að styðja við hvort annað í að bjóða heildarframboð og uppfylla þarfir viðskiptavina.

Undir lok ársins var húsnæði og aðstaða Öryggisgirðinga að Flugumýri í Mosfellsbæ seld þar sem ætlunin er að sameina bæði fyrirtæki að Hringhelli 6 í Hafnarfirði þar sem Terra Einingar hafa verið með sína aðstöðu til fjölda ára. Með því næst enn betri samþætting, samlegðaráhrif sem og aukin samvinna sem var lykilkpáttur í kaupum á Öryggisgirðingum.

Valgeir Baldursson, forstjóri Terra, Þórður Antonsson og Dagný Hrund Gunnarsdóttir fyrrum eigendur Öryggisgirðingar og Fannar Örn Þorbjörnsson, framkvæmdastjóri Terra Einingar.





2. Stefna og framtíðarsýn



2.1. Framtíðarsýnin okkar Stuðlum að sjálfbærni

Árið 2022 fór fram endurskoðun á framtíðarsýn Terra og stefnumótun félagsins.


Ný stefna fyrir framtíðarsýn félagsins – stuðlum að sjálfbærni – var samþykkt af stjórn félagsins á seinni hluta árs 2022. Í ársbyrjun 2023 hófst svo vinna við að hrinda stefnumótun félagsins í framkvæmd.

Að stuðla að sjálfbærni felur í sér að Terra ætlar að stuðla að eigin sjálfbærni og sjálfbærni viðskiptavina sinna.

Þegar kemur að sjálfbærni er að mörgu að hyggja og eitt af því eru úrgangsmál sem eru hluti af því að vera til og snerta okkur öll með einum eða öðrum hætti.

Með því að styðja og einfalda úrgangsflokkun okkar viðskiptavina í átt að hringrásarhagkerfinu ætlum við að styðja þá í sjálfbærnivegferð þeirra og taka þátt í að einfalda þeim þessa sneið af sjálfbærnikökunni.

Sjálfbærnikakan





2.2. | Framtíðarsýn 2026


Okkar fimm lykiláherslur í innleiðingu stefnunnar Stuðlum að sjálfbærni má sjá hér til hliðar.

Samhliða stefnumótun félagsins hófst vinna við innleiðingu sjálfbærni í kjarnarekstri þess, enda mikilvægt að innleiðing sjálfbærni sé samofin kjarnarekstri félagsins og framtíðarsýn þess, ætli það sér að þrífast og mæta kröfum nútímans og þörfum framtíðar. Í þessari skýrslu er félagið að gera grein fyrir áherslum sínum þegar kemur að innleiðingu sjálfbærni sem tengist framtíðarsýn félagsins.

Ný framtíðarsýn og ný sjálfbærnistefna höfðu áhrif á innri stefnur félagsins og voru þær árið 2023 og 2024 teknar til endurskoðunar og rýni til að skerpa á skipulagi og stjórnarháttum en einnig að endurspegla sjálfbærnimarkmið félagsins sem felast í því að minnka neikvæð og auka jákvæð áhrif félagsins á hagaðila þess og umhverfið.


1

Mannauður
Starfsánægja 8,2



2

Viðskiptavinir #1
Fyrsta val
í umhverfispjónustu




3

Sjálfvirkni
Öll lykilferli sjálfvirk



4

Endurnýting
100%



5

**Gagnkvæmur
ávinningur**
Horft til hagsmuna
allra hagaðila og
umhverfis





2.2. | Sjálfbær rekstur til framtíðar

Efnahagsleg sjálfbærni er ekki síður mikilvægur þáttur en UFS þættirnir þegar kemur að sjálfbærni og farsælum rekstri félagsins til langs tíma.

Félagið telur að efnahagslegt virði félagsins til framtíðar sé ein af lykilstoðunum þegar líta ber til sjálfbærni fyrirtækja. Að hluthafar, starfsfólk og viðskiptavinir sjái hag sinn í því að vera hluti af félaginu er mikilvægt og við alla ákvarðanatöku ber félaginu að taka mið af ávinningi allra þessara hagaðila.

Í stefnu félagsins er sérstaklega farið yfir mikilvægi þess að í samningssambandi félagsins við viðskiptavini sé til staðar gagnkvæmur ávinningur, það þýðir margt en ekki síst að bæði félagið og viðskiptavinir hafi hag af viðskiptasambandinu og hljóti af því ávinning. Það þýðir að verðlagning sé sanngjörn, ferlar gagnsæir og traust sé á milli aðila. Við viljum að verðlagning sé gagnsæ og að viðskiptavinir skilji virði hvernar þjónustu fyrir sig.

Í ljósi þess hefur félagið greint helstu fjárhagsáhættur í rekstri, sett sér markmið um hvernig þeim skuli mætt og jafnframt sett sér fjárhagsleg markmið sem taka mið af bindingu eigin fjár hluthafa, skuldsetningu og ávöxtun þess fjármagns sem hluthafar hafa lagt félaginu til.





3. Við viljum stuðla að sjálfbærni



3.1. | Um skýrsluna

Þetta er þriðja sjálfbærniskýrsla Terra. Á árinu 2023 var dótturfélagið Terra Efnaeyðing sameinað móðurfélaginu. Upplýsingar í fyrstu sjálfbærniskýrslu félagsins, árið 2022, tóku mið af fyrirhugaðri sameiningu.

Þar sem fyrsta skýrslan inniheldur upplýsingar um bæði félögin eru skýrslurnar þrjár samanburðarhæfar.

Stjórnendur og starfsfólk beggja félaga komu að vinnu við setningu markmiða, mikilvægisgreiningu og lykilmælikvarða.

Skýrslan tekur mið af UFS (umhverfispáttum, félagslegum þáttum og stjórnarháttum) mælikvörðum í samræmi við UFS leiðbeiningar Nasdaq, ófjárhagslegum upplýsingum og stjórnarháttayfirlýsingu í ársreikningi félagsins, ásamt lögum nr. 3/2006 um ársreikninga. Þá eru skýrslan og starfsemin einnig tengd við tiltekin Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun.

Klappir grænar lausnir hf. hafa aðstoðað við gerð sjálfbærniuppgjorsins, sem byggist á þeim upplýsingum sem hugbúnaður Klappa hefur safnað saman yfir árið. Sjálfbærniuppgjorið hefur að geyma allar helstu upplýsingar um umhverfispætti, félagslega þætti og stjórnarhætti Terra. Klappir skipuleggja og haga vinnu sinni í samræmi við meginreglur Greenhouse Gas Protocol aðferðafræðinnar; viðeigandi, nákvæmni, heilleiki, samræmi og gagnsæi. Gögn félagsins sem birt eru í sjálfbærniuppgjörinu eru yfirfarin og metin eftir bestu vitund af sjálfbærnisérfræðingum Klappa, að undanskildum gögnum tengdum félagslegum þáttum og stjórnarháttum.

Sjálfbærniuppgjorið er gert í samræmi við UFS leiðbeiningar sem Nasdaq á Íslandi og Norðurlöndunum gáfu út á árinu 2019. Þessar leiðbeiningar eru byggðar á tillögum sem settar voru fram árið 2015 af Sameinuðu þjóðunum, Samtökum um sjálfbærar kauphallir (Sustainable Stock Exchange Initiative) og vinnuhópi hjá Alþjóðasamtökum kauphalla (World Federation of Exchange).

Árið 2023 tók gildi ný löggjöf um flokkunarkerfi fyrir sjálfbærar fjárfestingar, sem gengur undir heitinu EU Taxonomy, eða flokkunarreglugerðin. Þessum nýju reglum er ætlað að flokka atvinnustarfsemi eftir því hvort hún telst umhverfislega sjálfbær, byggt á ákveðnum viðmiðum í reglunum. Upplýsingaskylda flokkunarreglugerðarinnar nær til fyrirtækja líkt og Terra sem fellur undir skyldu gr. 66. d. gr. ársreikningalaga nr. 3/2006 um ófjárhagslega upplýsingagjöf. Gerð er grein fyrir upplýsingagjöf Terra í takt við þessa nýlegu löggjöf aftast í þessari skýrslu og í ársreikningi félagsins.

Útgáfudagur, 20. mars 2025



3.2. | Betra samfélag ef við stuðlum öll að sjálfbærni

Innleiðing sjálfbærni í rekstri hvers félags er vegferð og er þessi þriðja sjálfbærniskýrsla félagsins eitt af fjölmörgum skrefum sem við hjá Terra viljum taka til þess að auka gagnsæi og upplýsa hagaðila okkar um hvernig rekstri félagsins er háttað þegar kemur að sjálfbærni. Með sjálfbærnistefnu, markmiðum og aðgerðum til þess að ná fram lykilmælikvörðum er félagið búið að marka sér skýra stefnu í að auka jákvæð áhrif starfseminnar.

Við viljum stuðla að sjálfbærni í samfélaginu og starfa í jafnvægi við umhverfið, samfélagið og starfsfólkið okkar. Við viljum taka virkan þátt í vegferð samfélagsins að sjálfbærni og stuðla að því að komandi kynslóðir hafi tækifæri til að lifa jafn góðu eða jafnvel betra lífi en við sem nú lifum.

Við viljum markvisst draga úr neikvæðum áhrifum félagsins og auka jákvæð áhrif þess með sameiginlegum ávinningi fyrir hagaðila félagsins, svo sem starfsfólk, viðskiptavinum og hluthafa og umhverfi. Kjarnarekstur félagsins er samofinn mikilvægum hlekk sjálfbærni, enda er grunnstarfsemi félagsins að veita umhverfispjónustu.

Terra gegnir lykilhlutverki í hringrásarhagkerfi Íslands og hefur reksturinn umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér. Við teljum við því mikilvægt að við setjum okkur metnaðarfull markmið til þess að skilja ekkert eftir í umhverfinu. Við leggjum einnig upp úr því að bera virðingu fyrir starfsfólki, viðskiptavinum og samfélaginu í heild og er því á sama tíma mikilvægt að setja okkur markmið í þeim efnum.

Við tökum ábyrgð og einbeitum okkur að því að horfa til framtíðar með sjálfbærni að leiðarljósi.





3.3. | Sjálfbærnivegferð okkar



2013

ISO 14001
umhverfissvottun



2018

ISO 9001
gæðavottun



2020

ÍST 85:2012
jafnlaunavottun



2020

Terra kjörið umhverfisfyrirtæki
atvinnulífsins / viðurkenning veitt
af Samtökum atvinnulífsins



2022

Mikilvægisgreining fyrir
innleiðingu sjálfbærni



2022

Pappírslaus viðskipti



2021

Terra verður aðili að
Festu, miðstöð um
samfélagsábyrgð og
sjálfbærni



2020

Innleiðing hefst
á vistkerfi Klappa



2020

Terra fær viðurkenningu
FKA Jafnvægisvogarinnar



2022

Heimsmarkmið
Sameinuðu þjóðanna
tengd sjálfbærnistefnu



2022

Ný framtíðarsýn Terra:
Stuðlum að sjálfbærni



2023

Sjálfbærnistefna
og fyrsta sjálf-
bærniskýrsla
gefin út



2023

Allar undirstefnur
sjálfbærni upp-
færðar í takt við nýja
sjálfbærnistefnu



2024

Terra gerist aðili að
UN Global Compact



4. Leiðin að okkar áherslum í sjálfbærni



4.1. | Það sem við gerðum til þess að finna okkar áherslur

Á árinu 2022 var tekið metnaðarfullt skref hjá félaginu við að greina betur stöðu félagsins í sjálfbærnimálum.

Félagið hafði ekki áður sett sér skriflega sjálfbærnistefnu sem slíka þó að sjónarmið og stefna félagsins í sjálfbærnimálum kæmu að nokkru leyti fram í umhverfis-, mannauðs-, gæða- og öryggisstefnum félagsins, sem og siðareglum þess. Til þess að setja sér metnaðarfulla en raunhæfa sjálfbærnistefnu fékk félagið til liðs við sig sjálfbærniráðgjafa til þess að leiðbeina og aðstoða við að finna áherslur okkar í sjálfbærni sem tækju raunverulega mið af stöðu Terra og rekstri þess.

Sjálfbærni – hvað er það?

Haldin var sérstök fræðsla um sjálfbærni, á íslensku og ensku, fyrir starfsfólk Terra. Okkur þótti mikilvægt að allt starfsfólkið skildi hugtakið áður en lagt væri af stað með greiningu á sjálfbærnimálum félagsins og innleiðingu í kjölfarið. Allt starfsfólk Terra þarf líka að standa saman við að innleiða sjálfbærni í kjarnareksturinn og því mikilvægt að við skiljum öll af hverju við erum að fara í þessa sjálfbærnivegferð.

Vinnustofur og undirbúningur mikilvægisgreiningar

Í kjölfarið voru haldnar vinnustofur þar sem framkvæmdastjórn ásamt lykilstjórnendum um allt land auk starfsfólks á sviði þjónustu, sölu og aksturs tók þátt. Í fyrstu sjálfbærnivinnustofunni var farið yfir UFS þætti sem skilgreindir eru af Nasdaq ásamt öðrum sjálfbærnivísunum sem tengjast rekstri á sorp- og endurvinnslustöðvum. Fulltrúar Terra sammæltust þar um viðeigandi sjálfbærnivísa til þess að vinna áfram með og mikilvægisgreina fyrir starfsemina.

Mikilvægisgreining

Einn af lykilþáttunum í vegferð okkar við að finna áherslur okkar í sjálfbærnimálum var mikilvægisgreining félagsins. Mikilvægisgreining felur í sér að meta hvaða þætti fyrirtæki ættu helst að leggja áherslu á varðandi umhverfispætti, félagslega þætti og stjórnarhætti. Greiningin fór þannig fram að könnun var send til hagaðila Terra, starfsfólks, viðskiptavina, birgja, samstarfsaðila, stjórnar og hluthafa, út frá þeim sjálfbærnivísunum sem starfsfólk Terra taldi rétt að vinna með áfram. Almennungi var einnig gefinn kostur á að taka þátt. Helstu hagaðilar lögðu sitt af mörkum með því að nefna þá þætti sem þeim þótti mikilvægast að hefja vinnu við. UFS þáttunum var í kjölfarið forgangsraðað frá tveimur sjónarhornum; annars vegar UFS áhrifum og hins vegar fjárhagslegum áhrifum. Niðurstöður könnunar meðal hagaðila um mikilvægi UFS þátta voru bornar saman við niðurstöður ráðgjafateymisins á fundi með framkvæmdastjórn ásamt mannauðsstjóra, gæða-, umhverfis- og öryggisstjóra og verkefnastjóra stefnumótunar og umbóta. Forgangsroðun þátta var síðan ákveðin út frá niðurstöðum þess fundar.



4.2. Niðurstöður mikilvægisgreiningar

Niðurstöður tvöföldu mikilvægisgreiningarinnar má sjá hér á myndinni. Í kjölfarið voru markmið í hverjum UFS þætti ákveðin sem og aðgerðaáætlun til að ná fram þeim markmiðum.

Gerð er grein fyrir markmiðum og aðgerðaáætlun okkar fyrir hvern og einn UFS þátt, þ.e. umhverfi, félagslegan þátt og stjórnarhætti.

UFS áhrif

Áhrif (skali, umfang, úrbætanleiki)
Líkur á atviki (söguleg atvik, lönd og svæði)

Aðkallandi

Veruleg

Talsverð

		 Hringrásarhugsun  Heilsa og öryggi  Birgjamat	
	 Áhrif á líffræðilega fjölbreytni	 Úrgangur frá rekstri  Aðgerðir gegn mismunun  Samfélagsleg áhrif og samstarf	 Umhverfisstefna og umhverfisstjórnunarkerfi  Losun GHL og loftslagsstefna  Eftirlit og áhættustjórnun
	 Fjölbreytni á vinnustað  Siðareglur og aðgerðir gegn spillingu	 Jafnrétti á vinnustað  Upplýsingagjöf  Starfsþjálfun og þróun í starfi  Ánægja viðskiptavina	 Mengun frá starfsstöðvum

Talsverð

Veruleg

Aðkallandi

Fjárhagsleg áhrif

Notkun auðlinda (verð, framboð, kostnaður við viðhald)
Traust á samböndum og ytri hagaðilum (ánægja, heilsa og öryggi, samskipti, vörumerki og orðspor)



5. Sjálfbærnistefna



5.1. | Sjálfbærnistefna

Á grundvelli niðurstöðu mikilvægisgreiningarinnar samþykkti stjórn Terra í ársbyrjun 2023 heildræna sjálfbærnistefnu sem nær til allra stólpa sjálfbærinnar; umhverfispátta, félagslegra þátta og stjórnarháttar. Forstjóri félagsins er eigandi stefnunnar og ber ábyrgð á að henni sé fylgt. Framkvæmdastjórnar bera ábyrgð á innleiðingu stefnunnar í daglegan rekstur þess og skulu stuðla að því að Terra nái settum markmiðum.

Tilgangur stefnunnar er að skilgreina markmið og megináherslur okkar þegar kemur að sjálfbærni. Sjálfbær þróun miðar að því að fullnægja þörfum samtímans án þess að skerða möguleika komandi kynslóða á að fullnægja sínum þörfum. Hlutverk okkar er að koma efnum sem flæða í gegn hjá okkur í réttan farveg og sem mestu aftur í hringrásina á umhverfissvænan hátt. Við hjá Terra viljum stuðla að sjálfbærara samfélagi ásamt því að bæta umgengni við jörðina, veita starfsfólki okkar heilbriggt og öruggt starfsumhverfi og styðja viðskiptavinum okkar í því að ná sem mestum árangri í umhverfissvænni úrgangsstjórnun. Við viljum einnig vera til fyrirmyndar þegar kemur að góðum stjórnarháttum og hafa þannig jákvæð áhrif á okkar hagaðila og virðiskeðjuna.

→ Sjálfbærnistefnu Terra í heild sinni má finna á vefsíðu félagsins.



Umhverfispættir

Betri umgengni um jörðina

- Auka endurnýtingar-/endurvinnsluhlutfall úrgangs viðskiptavina okkar
- Setja okkur stefnu í loftslagsmálum og draga markvisst úr losun gróðurhúsalofttegunda
- Auka þekkingu starfsfólks á umhverfistengdum áhættum starfseminnar
- Stuðla að því að engin mengunarslys af völdum starfseminnar eigi sér stað
- Sjá til þess að flokkunarhlutfall rekstrarúrgangs Terra sé til fyrirmyndar



Félagslegir þættir

Heilbriggt og öruggt starfsumhverfi

- Tryggja að vinnuaðstæður séu öruggar og lágmarka líkur á slysum
- Sjá til þess að allt starfsfólk hafi jöfn tækifæri og að mismunun sé ekki liðin
- Sjá til þess að hlutverk starfsfólks séu skýr og starfsþjálfun fari fram reglulega

Jákvæð áhrif á viðskiptavinum og samfélagið

- Auka þekkingu viðskiptavina á flokkun og úrgangsstjórnun
- Sjá til þess að styrkir til samfélagsins styðji við sjálfbærnimarkmið félagsins og nýsköpun



Stjórnarhættir

Góðir og ábyrgir stjórnarhættir

- Framkvæma birgjamat reglulega með sjálfbærni að leiðarljósi
- Framkvæma sjálfbærnitengt áhættumat reglulega
- Viðhalda ISO 14001 vottun
- Viðhalda ISO 9001 vottun
- Gefa út sjálfbærniskýrslu árlega



5.2. | Terra og Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna

Stefna félagsins í sjálfbærnimálum styður við Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun og hefur félagið skilgreint fimm kjarnamarkmið út frá heimsmarkmiðunum þar sem við teljum okkur geta haft áhrif.

Við val á kjarnamarkmiðum var litið til markmiða félagsins út frá mikilvægisgreiningunni en ekki síður út frá kjarnastarfsemi félagsins og hvar félagið telur sig geta haft jákvæð áhrif.



Af hverju þessi fimm heimsmarkmið?

Í samræmi við eðli starfseminnar og hlutverk okkar hefur áhersla verið lögð á heimsmarkmið sem beinast að því að draga úr skaðlegum umhverfisáhrifum í borgum og samfélögum, m.a. með því að bæta loftgæði og meðhöndlun úrgangs, sbr. markmið 11 um sjálfbærar borgir og samfélög. Það sama á við um markmið 12, um ábyrga neyslu og framleiðslu, þar sem lögð er áhersla á að meðferð efna og efnablandna verði umhverfisvænni á öllum stigum, sem og meðhöndlun úrgangs með slík spilliefni, ásamt því að forvarnir, minni úrgangur, aukin endurvinnsla og endurnýting hafi dregið verulega úr sóun. Heimsmarkmið 11 og 12 má segja að séu beintengd kjarnastarfsemi félagsins sem er að sækja úrgang og koma honum í réttan farveg og sem mestu aftur í hringrásina á umhverfisvænan hátt. Þá er Terra eitt af sérhæfðustu fyrirtækjum landsins í móttöku spilliefna og að koma þeim í viðeigandi farveg.

Heimsmarkmið 13, um aðgerðir í loftslagsmálum, er nátengt stefnu félagsins um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda með því að setja loftslagsstefnu og draga m.a. úr notkun jarðefnaeldsneytis. Félagið vill auk þess leggja sérstaka áherslu á jafnrétti kynjanna, markmið 5, og vill tryggja jafna stöðu fólks af öllum kynjum innan fyrirtækisins. Hjá félaginu hallar verulega á önnur kyn en karlkyns starfsfólk og hefur félagið sett sér markmið um að draga úr þeim halla. Loks leggur Terra áherslu á nýsköpun, markmið 9, þar sem félagið starfar í þannig rekstri að þörf er á nýsköpun til að finna nýjar leiðir fyrir efni aftur inn í hringrásina. Hringrásarhugsun í allri virðiskeðjunni skiptir okkur miklu máli.

5.2.

Terra og Heimsmarkmið
Sameinuðu þjóðanna

Terra leggur áherslu á framangreind fimm kjarnamarkmið. Markmið okkar og starfsemi styðja einnig þrjú önnur markmið, þ.e. markmið 3 (heilsa og vellíðan) en við viljum skapa vinnustaðamenningu sem stuðlar að auknu heilbrigði starfsfólks með margvíslegum stuðningi. Einnig markmið 15 (líf á landi) þar sem hluti af okkar markmiðum beinist að því að draga úr mengun frá starfsemi og starfsstöðvum, hringrásarhugsun og áhrifum starfseminnar á líffræðilega fjölbreytni.

Loks viljum við styðja markmið 17 (samvinna um markmiðin) með aukinni samvinnu og fjárfestingum sem stuðla að sjálfbærni, m.a. þegar kemur að nýsköpun og fræðslu um flokkun.

Hér í töflunni má sjá áherslur félagsins og hvernig þær styðja heimsmarkmiðin.



Hringrásarhugsun							
Losun gróðarhúsalofttegunda & loftslagsstefna							
Mengun frá starfsstöðvum							
Úrgangur frá rekstri							
Áhrif á líffræðilega fjölbreytni							
Heilsa og öryggi							
Aðgerðir gegn mismunun							
Jafnrétti á vinnustað							
Starfsþjálfun og þróun í starfi							
Ánægja viðskiptavina							
Samfélagsleg áhrif þjónustu og samstarf							
Birgjamat							
Eftirlit og áhættustjórnun							
Umhverfisstefna og stjórnunarkerfi							
Upplýsingagjöf							



6. UFS markmiðin



6.1. | UFS markmiðin

Þeir þættir sem voru ákvarðaðir mikilvægastir út frá mikilvægisgreiningunni urðu grunnur að markmiðasetningu og aðgerðaáætlun Terra til næstu ára.

Markmiðin eru misjöfn að gerð og aðgerðaáætlun hvers og eins þeirra því einnig misjöfn. Sjá nánar yfirlit yfir markmið og aðgerðaáætlun í hverjum kafla fyrir sig, þar sem umhverfispættir, félagslegir þættir og stjórnarhættir eru teknir fyrir sérstaklega.

Umhverfispættir

Betri umgengni við jörðina

Hringrásarhugsun

Losun GHL og loftslagsstefna

Mengun frá starfsstöðvum

Úrgangur frá rekstri

Áhrif á líffræðilega fjölbreytni

Félagslegir þættir

Heilbrigt og öruggt starfsumhverfi

Heilsa og öryggi

Aðgerðir gegn mismunun

Jafnrétti á vinnustað

Starfshjálfun og þróun í starfi

Jákvæð áhrif á viðskiptavini og samfélag

Ánægja viðskiptavina

Samfélagsleg áhrif þjónustu og samstarf

Stjórnarhættir

Góðir og ábyrgir stjórnarhættir

Birgjamat

Eftirlit og áhættustjórnun

Umhverfisstefna og stjórnunarkerfi

Upplýsingagjöf



7. Umhverfispættir



7.1. | Stefnuáherslur í umhverfismálum

Áherslur okkar í umhverfismálum eru að bæta umgengni við jörðina og skilja ekkert eftir. Í því felst að huga að hringrásarhagkerfinu hjá birgjum og viðskiptavinum, mæla losun gróðurhúsalofttegunda og setja stefnu um samdrátt, lágmarka alla mengun frá starfsstöðvum og kortleggja starfsstöðvar og starfsemi Terra m.t.t. áhrifa á vistkerfi og líffræðilega fjölbreytni.


Þá teljum við einnig mikilvægt að starfsemi okkar sé til fyrirmyndar þegar kemur að úrgangsmyndun og flokkunarhlutfalli. Í kjölfar mikilvægisgreiningar og með hliðsjón af sjálfbærnistefnu félagsins settum við okkur markmið í umhverfismálum. Árangur og stöðu þeirra markmiða má sjá á næstu síðu.

Umhverfispættir

Betri umgengni við jörðina



Hringrásarhugsun



Losun GHL og
loftslagsstefna



Mengun frá
starfsstöðvum



Úrgangur frá
rekstri



Áhrif á líffræðilega
fjölbreytni

7.2.

Markmið og aðgerðaáætlun
í umhverfispáttum

Yfirmarkmið	Markmið	Lykilmælikvarðar	Tími	2023	2024
Hringrásarhugsun	Aukning á hlutfalli úrgangs sem er endurnýttur eða endurunnninn (frá viðskiptavinum)	Ná endurnýtingarhlutfalli úrgangs viðskiptavina í 100%	2026	70%	74.6%
	Gagnsæi í virðiskeðju úrgangs og endurvinnsluefna	Allir úrgangsflokkar með þekktan farveg og vottaða móttökuaðila	2025	✓	✓
Losun GHG og loftslagsstefna	Draga úr losun gróðurhúsalofttegunda milli ára. Mæla og greina frá losun í umfangi 1, 2 og 3	- Umfang 1 (tCO2i) - Umfang 2 (tCO2i) - Umfang 3 (tCO2i)	2023 2023 2026	3.643 53,2 2.343	3.080 49,3 2.798*
	Minnka notkun jarðefnaeldsneytis milli ára	Minnka notkun jarðefnaeldsneytis milli ára í hlutfalli við keypt eldsneyti þannig að hlutfallið verði 50% 2030	2030	89%	85%
	Umhverfisáhættumat	Uppfæra umhverfisáhættumat	2025	N/A	🔄
Mengun frá starfsstöðvum	Engin mengunarslys af völdum starfsemi eða á starfsstöðvum	Mæla og greina frá fjölda mengunarslysa	árlega	1	7**
	Auka þekkingu starfsfólks á umhverfistengdum áhættum starfseminnar	Skipuleggja og framkvæma fræðslu tengda umhverfisáhættum á öllum starfsstöðvum	árlega	✓	🔄
Úrgangur frá rekstri	Flokkunarhlutfall rekstrarúrgangs Terra sé til fyrirmyndar	Ná endurnýtingarhlutfalli eigin rekstrarúrgangs Terra í 100%	2026	97%	92%
	Draga úr matarsóun	20% minni matarsóun miðað við mælt magn 2023	2024	🔄	49% minni
Áhrif á líffræðilegan fjölbreytileika	Terra valdi ekki skaðlegum áhrifum á líffræðilega fjölbreytni	Útbúa verkferla til að lágmarka áhættu fyrir líffræðilega fjölbreytni	2024	N/A	🔄

* Áfram verður unnið í að ná utan um losun í umfangi 3 og því má gera ráð fyrir að losun í umfangi 3 muni aukast milli ára af þeim sökum

** Á árinu var 2024 var markvisst unnið að því að ná utan um skráningu mengunarslysa. Skráning á árinu 2023 gefur því ekki rétta mynd af raunverulegum fjölda mengunarslysa



7.3. | Hringrásarhugsun í allri virðiskeðjunni

Terra hefur metnað fyrir því að skilja ekkert eftir og því skiptir hringrásarhugsun miklu máli fyrir okkur í allri virðiskeðjunni.

Við sem þjónustuaðili, sem hefur það hlutverk að sækja efni og koma því í réttan farveg, úmist með því að flokka það nánar á starfsstöðvum okkar eða fara með efnið beint til þriðja aðila, teljum okkur geta sífellt aukið magn efnis sem kemst aftur inn í hringrásina.

Terra hefur sett sér metnaðarfullt markmið að auka sífellt þann hluta úrgangs viðskiptavina sinna sem fer í endurnýtingu og ætlum við okkur að ná því í 100%. Terra þjónustar margvíslega viðskiptavinum og er í sumum tilvikum einungis að sjá um að sækja og flytja úrgang beint á ákveðna losunarstaði samkvæmt fyrirfram ákveðnu ferli, svo sem út frá útboðum sveitarfélaga.

Markmið Terra er að koma endurnýtingarhlutfalli úrgangs viðskiptavina sinna í 100%.

Umfjöllun hér á eftir sem varðar þetta markmið snýr að þeim úrgangi sem Terra tekur ákvörðun um. Það er, meðhöndlun úrgangsins og losunarstað.





7.4. Mikilvægar lagabreytingar í átt að hringrásarhagkerfinu

Þann 1. janúar 2023 tóku lög um breytingu á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, meðhöndlun úrgangs, nr. 55/2003 og úrvinnslugjald, nr. 162/2002, gildi og hafa lögin verið nefnd hringrásarlögin.

Markmið laganna er að draga úr myndun úrgangs og stuðla að hringrásarhagkerfi á Íslandi. Eitt af lykilatriðum þeirra er að hugsa um úrganginn okkar sem hráefni sem megi endurvinna aftur og aftur.


Á grundvelli nýju hringrásarlaganna er öllum sveitarfélögum skylt að sérsafna fleiri úrgangsflokkum en áður og einnig gert skylt að flokka rekstrarúrgang í fleiri flokka. Fyrirséð var því að fjöldi sveitarfélaga og stofnana þyrftu að fara í útboð til að mæta kröfum nýrra laga um frekari flokkun. Þá kölluðu breytingarnar einnig á aukna þjónustu við fyrirtæki vegna aukningar í flokkun hjá þeim.

Á árunum 2023 og 2024 hafa mörg sveitarfélög og stofnanir farið í útboð til að mæta breyttum kröfum og reglum. Á árinu 2024 innleiddu þrjú sveitarfélög sem Terra þjónustar aukna flokkun en það eru sveitarfélögin Akureyri, Akranes og Vestmannaeyjabær. Innleiðing lagabreytinganna kallar á mikið skipulag og breytt vinnulag við hirðu auk breytinga á bílaflota þar sem tunnurnar eru nú ýmist hefðbundnar eða tvískiptar svo dæmi séu nefnd.

Breytinga vegna hringrásarlaganna mun áfram gæta árið 2025 þar sem innleiðing breytinganna er enn í gangi hjá fyrirtækjum og munu þau sveitarfélög sem ekki eru búin að bjóða út úrgangspjónustu í takt við nýju lögin þurfa að gera slíkt.

Lagabreytingarnar eru mikilvægt skref í átt að hringrásarhagkerfi og einn liður í því er að standa við skuldbindingar okkar í loftslagsmálum. Terra hefur og mun áfram taka virkan þátt í þessum jákvæðu breytingum fyrir hringrásarhagkerfi.

Heimili



Fyrirtæki



Sveitarfélögum er skylt að útvega ílát undir 4 flokka við heimili – en heimilum er í raun gert að flokka í sömu sjö flokka og fyrirtækjum eða: pappír, plastumbúðir, matarleifar, blandaðan úrgang, gler, málma og textíl. Til að einfalda flokkun er mikilvægt að ílát séu vel merkt og eru flokkunarmerkingar FENÚR notaðar til þess. Merkingarnar byggjast á samræmdu norrænu merkingakerfi fyrir úrgang. Samræmt, einfalt og gott merkingakerfi sem allir aðilar á markaðinum nota er mikilvægt til að stuðla að betri flokkun og bættari úrgangsstjórnun á Íslandi. Það er mikilvægur hlekkur í hringrásarhagkerfinu. Terra er félagi í Fenúr með fulltrúa í stjórn félagsins.



7.5. | Endurnýtingarhlutfall úrgangs viðskiptavina

Úrgangspríhyrningurinn er ein leið til að sýna ákveðna forgangs röðun þegar kemur að meðhöndlun úrgangs með tilliti til umhverfisáhrifa og hefur Umhverfisstofnun m.a. notast við þríhyrninginn í sínum fróðleiksmolum um úrgang.*

Endurnýtingarhlutfall úrgangs viðskiptavina fyrir

árið 2024 var **74,6%**, þar af nam endurvinnsluhlutfallið 31,1% og önnur endurnýting 43,5%. Markmið Terra er að stuðla að því að endurnýtingarhlutfall úrgangs frá viðskiptavinum verði 100% árið 2026. Hér erum við að horfa til þess hluta úrgangs frá viðskiptavinum sem Terra stýrir meðhöndlun á. Í sumum tilvikum sér Terra einungis um flutning úrgangs en ekki um að koma honum á endastöð, ef svo má segja; sá úrgangur er því ekki tekinn með.


* Sjá nánari útskýringu hugtakanna á vefsíðu Umhverfis- og orkstofnunar

Endurnýting er yfirheiti yfir alla meðhöndlun úrgangs sem er ekki förgun. Endurnýting skiptist annars vegar í efnisendurnýtingu, þ.á m. undirbúning fyrir endurnotkun, endurvinnslu og fyllingu, og hins vegar í orkuendurnýtingu, þ.á m. uppvinnslu, þar sem verður til efni sem má nota sem eldsneyti.

Við viljum hafa sem minnst í neðri hluta þríhyrningsins og koma sem mestu í efri hlutann.


Starfsemi Terra snýr að meðhöndlun úrgangs og þ.a.l. flokkunum endurvinnslu, annarri endurnýtingu og förgun.

Úrgangspríhyrningurinn





7.6. | Samsetning úrgangs viðskiptavina



Á myndinni má sjá hvernig samsetning úrgangs viðskiptavina lítur út fyrir árið 2024 en þar sést að stærstur hluti efnis sem félagið tekur við frá viðskiptavinum er blandaður úrgangur eða um 30% af heildarmagni en til samanburðar nam hlutfallið 40% árið 2023.

Næst á eftir er timbur sem nam um 15% af móttæknu magni en var 13% árið 2023. Í takt við niðurstöður mikilvægisgreiningar, markmið og lykilmælikvarða viljum við styðja við viðskiptavinum okkar í að bæta flokkun, fá hreinni strauma og auka endurnýtingarhlutfall úrgangsins. Viðskiptastjórar félagsins vinna þétt með okkar stærstu fyrirtækjum og leita leiða til að skila frá sér hreinni straumum. Árangursríkasta leiðin til að minnka þann úrgang sem fer í urðun er að ná sem bestri flokkun.

Almennt eru fyrirtæki að flokka og sinna úrgangsstjórnun af miklum metnaði. Margir viðskiptavinir Terra eru að ná góðum árangri og sparnaði þar sem hvert kílógramm af rétt flokkuðum úrgangi er hagstæðara en hvert kílógramm óflokkaðs úrgangs. Við sjáum hins vegar tækifæri til að styðja betur við viðskiptavinum okkar og hvetja þá til að flokka í fleiri flokka.

* Aðrir minni úrgangsflokkar svo sem gler og postulín, textíll o.fl. sem fer í viðeigandi farveg.



7.7. | Hvar endar úrgangurinn?

Eitt af okkar markmiðum er að auka gagnsæi í okkar rekstri, m.a. með því að upplýsa nánar um hvert úrgangurinn fer og hvað verður úr honum.

Einn liður í átt að auknu gagnsæi er að taka saman upplýsingar um mótttekið efni og birta yfirlit um afdrif þess á vefsíðu okkar. Þar má sjá hvað fer í endurvinnslu, hver aukaafurðin er, hvað er endurnýtt, urðað og fleira. Við munum greina tækifæri í nýtingu úrgangs og vonumst til að virkt samtal við viðskiptavini og almenning skili sér í auknu flokkunarhlutfalli, betri meðhöndlun úrgangs og hringrásarhugsun.


Árið 2024 voru flutt út 31.000 tonn af úrgangi, samanborið við 27.100 tonn árið 2023. Af þessu magni fóru 12.500 tonn í endurvinnslu árið 2024 (11.500 tonn árið 2023) og 18.500 tonn í brennslu til orkunýtingar (15.600 tonn árið 2023).

Úrgangur sem Terra sendir til endurvinnslu verður að fjölbreyttum lokaafurðum. Til dæmis er **bylgjupappi** endurunninn í nýjan pappa, en flóknari úrgangsefni eru tekin í sundur og flokkuð frekar.

Plast er oft flokkað eftir gerð og lit áður en það er brætt niður til að framleiða nýjar plastvörur. Með þessu stuðlum við að aukinni nýtingu auðlinda og drögum úr þörf fyrir frumframleiðslu. Ákveðnar úrgangstegundir eru meðhöndlaðar innanlands. Meðhöndlunin fer oft eftir aðstæðum og innviðum í hverjum landshluta.

Matarleifar frá sveitarfélögum og fyrirtækjum eru víða nýttar í moltugerð t.d í GAJU jarðgerðarstöð SORPU

og Molta í Eyjafirði. Í ferlinu hjá GAJU myndast einnig metangas, sem er safnað og nýtt til framleiðslu á rafmagni eða varma. Moltan sjálf er síðan notuð sem jarðvegsbætur í landbúnaði, gróðurækt eða landgræðslu.





7.7. | Hvar endar úrgangurinn?

Dýraleifar eru að hluta til fluttar í Orkugerðina, þar sem þær eru móttæknar sem sláturúrgangur. Úr þeim er framleitt mjöl og fita, sem nýttast síðan í ýmis framleiðsluferli, svo sem sem hráefni í fóður eða orkuframleiðslu.

Hreint timbur er nýtt á fjölbreyttan hátt, sem oft er mismunandi eftir landshlutum. Í sumum tilfellum er það nýtt sem kolefnisgjafi, molta, undirlag fyrir húsdýr eða í skógrækt og landgræðslu. Málað timbur er að hluta flutt úr landi til orkunýtingar, en í öðrum tilfellum er það nýtt sem yfirlag á urðunarstöðum innanlands.

Með þessum aðferðum tryggjum við að úrgangurinn nýtist sem auðlind, hvort sem það er innanlands eða erlendis, og stuðlum að því að draga úr áhrifum hans á umhverfið. Við stefnum að því að finna enn fleiri lausnir sem mæta þörfum mismunandi svæða og styðja við sjálfbæra þróun á landsvísu.

Við ætlum að gera betur í að fylgja sérstaklega eftir úrgangi sem fer til birgja okkar erlendis og fá nánari upplýsingar um farveg efnanna eftir að þau koma til


okkar birgja. Í tilvikum þar sem birgjar eru endastöðvar úrgangsins liggja upplýsingar nú þegar fyrir og hafa verði birtar á vefsíðu Terra. Í öðrum tilvikum eru birgjar okkar aðeins móttökuaðilar efnanna og koma þeim áfram í viðeigandi farveg til aðila sem Terra á ekki í beinu viðskiptasambandi við. Í þeim tilvikum er flóknara að ná utan um farveg efnanna alla leið, þó að Terra búi yfir tölfræðiupplýsingum frá sínum birgjum um hvernig úrgangurinn var unninn áfram.





- | | | | |
|--|-------------------------------|---|-----------|
| | Rafhlöður | → | Svíþjóð |
| | Raftæki | → | Noregur |
| | Almennur úrgangur/Brennslufni | → | Svíþjóð |
| | Kælitæki | → | Svíþjóð |
| | Heimilisplast | → | Svíþjóð |
| | Rafgeymar | → | Svíþjóð |
| | Plastfilma | → | Svíþjóð |
| | Matarolía | → | Noregur |
| | Spilliefni | → | Danmörk |
| | Pappi | → | Þýskaland |

endurvinnsla
 orkunýting



Nánari upplýsingar eru að finna á vefsíðu félagsins.



7.8. | Skemmtileg hringrásar- verkefni á árinu

Til þess að styðja við hringrásar-
hugsun tók Terra þátt í ýmsum
skemmtilegum verkefnum á árinu og
hefur í gegnum árin átt gott samstarf
við fjölda aðila í samfélaginu. Gaman
er að segja frá nokkrum dæmum:

- Álhylkin utan um kaffið frá Nespresso, einn af viðskiptavinum félagsins, eru send með aðstoð Terra til Stena Recycling í Svíþjóð, þar sem þau fara í vottað ferli sem er staðfest af þriðja aðila. Hylkin eru brytjuð í sundur, kaffikorgur er skilinn frá til moltugerðar eða biogasframleiðslu, og álið sjálft fer síðan í endurvinnslu. Ferlið er mælt og staðfest bæði með magni frá Stena og vigtunartölum frá Eimskip, sem tryggir að ekkert fari forgörðum í flutningunum.

- Frá upphafsdögum fyrirtækisins höfum við safnað matarolíu og farið með hana í farveg þannig að hún sé endurunnin og breytt í lífdísil.
- Gögn sem fara í trúnaðarskjalaeyðingu hjá Terra eru tætt og fara síðan í gæðapappír í endurvinnslu.
- Öllu hreinu timbri, sem við söfnum á Austurlandi, er ekið til Eskifjarðar þar sem fyrirtækið Tandraberg tekur við því til endurvinnslu. Á árinu 2024 fóru 514 tonn (577 tonn árið 2023) af timbri þangað. Fyrirtækið smíðar vörubretti og notar eins mikið af timbrinu og hægt er. Það sem ekki er hægt að nýta er kurlað og notað í stígagerð, sem undirlag fyrir húsdýr eða í orkukubba til húshitunar.

- Icevape, sem er stór söluaðili rafretta á Akureyri, hvetur viðskiptavinum sína til að skila notuðum rafrettum eða henda í sérstakar tunnur. Icevape kemur þeim síðan til Terra. Rafrettur enda oft í blönduðum úrgangi (almennu heimilissorpi). Af þeim stafar mikil hættu á sjálfsíkveikju og því mikilvægt að flokka rétt.
- Á árinu byrjaði félagið að losa pressugáma eftir skynjurum sem hefur haft jákvæð áhrif á kolefnisspor Terra. Í stað þess að losa reglubundið eru pressurnar losaðar þegar þær hafa náð tilteknu magni sem er fyrirfram skilgreint. Þeir gámar sem eru komnir með skynjarana hafa reynst vel og tökum við þessa þróun áfram inn í nýja árið.



7.9. | Hvað getum við gert?

Fræðsla og virkt samtal skiptir lykil máli í að styðja viðskiptavinum okkar í að auka endurnýtingar- og endurvinnsluhlutfall sitt. Terra þarf einnig sífellt að vera vakandi fyrir því að finna úrganginum betri farveg og koma honum ofar í hringrásarhagkerfið.

Vegna breytinga á flokkunarkerfinu samkvæmt nýjum hringrásarlögum, sem tóku gildi 1. janúar 2023, hefur fræðsla s.l. tveggja ára verið með áherslu á að upplýsa um þær breytingar og flokkun. Þá var rafræn fræðsla aukin í þeim tilgangi að spara tíma og kolefnisspor viðskiptavina og félagsins. Með aukinni fræðslu og skilningi samfélagsins á þörfinni á að flokka rétt er vonast til þess að efnisstraumar verði hreinni og sífellt meira efni komist aftur í hringrásina.

Terra átti áfram í virku samtali við viðskiptavinum í þeim tilgangi að fá hreinni strauma en það er verkefni sem er sífellt í gangi og felst í því að leiðbeina viðskiptavinum og styðja þá í að auka flokkun úrgangs. Bílstjórar okkar,

sem sækja úrgang, starfsfólk sem tekur við honum og starfsfólk sem er í beinu sambandi við viðskiptavinum hjálpast að við að benda á skilvirkari flokkunarleiðir og gefa önnur góð ráð. Þannig fær félagið hreinni efni til sín og meira kemst í endurvinnslu og aftur í hringrásarhagkerfið.

Á heimasíðu Terra er hægt að nálgast aðgengilegar flokkunarleiðbeiningar og eins er hægt að prenta út upplýsingar um flokka á íslensku, ensku og pólsku.

Það er töluverð áskorun að fá öll fyrirtæki til að flokka í alla 7 flokkana, enda eru þau af mörgum stærðum og gerðum. Helsta áhersla hjá Terra á árinu 2025, þegar kemur að flokkun, er að hvetja og aðstoða fyrirtæki til að flokka í fleiri flokka, sérstaklega að ná matarleifum frá öðrum úrgangi en samkvæmt hringrásarlögunum er ólöglegt að urða matarleifar.



Bylgjupappi

Corrugated cardboard
Tektura falista

Bylgjupappi

Millispjöld af vörubrettum, pítsakassi, pappakassi.
Til athugunar við flokkun: Rúmmáls minnkið/eða takið bylgjupappann í sundur og setjið í gáminn.
Til að efni nýtist sem best er mikilvægt að það sé hreint, fjarlægð matarleifar og aðskotahluti frá pappanum. Límbönd og hefti mega vera með.

Corrugated cardboard

Corrugated cardboard panels, pizza box and cardboard box.
Note for sorting: Reduce the volume and/or disassemble the corrugated cardboard and place it in the container, remove food residue and foreign objects from the cardboard. Tapes and staples may be included.

Corrugated cardboard

Pofaldowane panele kartonowe, pudełko po pizzy i kartonowe pudełko.
Uwaga dotycząca segregacji: Zmniejsz objętość i/lub rozłóż pofaldowany karton na części, a następnie umieść go w pojemniku. Usuń resztki jedzenia oraz obce przedmioty z kartonu. Taśmy i zszywki mogą pozostać.





7.10. | Losun gróðurhúsalofttegunda

Rekstur Terra felur í sér töluverða losun gróðurhúsalofttegunda. Meginstarfsemi Terra er að sækja efni frá viðskiptavinum og koma þeim í réttan farveg. Eðli starfsseminnar felur í sér mikinn akstur og á félagið 95 söfnunarbíla auk þess að eiga rúmlega 150 smærri bíla og vinnuvélar.

Við höfum einsett okkur að draga úr neikvæðum áhrifum rekstursins og í leiðinni uppfylla alþjóðlegar skuldbindingar um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og er það eitt af okkar lykilmarkmiðum.

Á árinu 2024 fjárfestum við í 12 nýjum söfnunarbílum. af þeim voru 2 metanbílar og á félagið nú í heildina 11 metanbíla. Við viljum smám saman skipta eldri orkufrekum tækjum út fyrir önnur sparneytnari tæki og tæki sem ganga fyrir rafmagni eða öðrum hreinni orkugjöfum en jarðefnaeldsneyti. Auk þess að skipta út bílum innleiddum við á árinu nýtt aksturs og beiðnakerfi.



12 Nýjir
söfnunarbílar

Af þeim **2** metanbílar

Terra á nú í heildina
11 metanbíla

Kerfið er sérstaklega sniðið að rekstri fyrirtækja eins og Terra. Kerfið aðstoðar okkur við að ná fram bestun á akstri og minnkar þar með fjölda ekinna kílómetra. Einnig aðstoðar kerfið okkur við að meta fjölda losana sem viðskiptavinir þurfa.

Þá var mikilvægt skref í átt að orkuskiptum samgangna stigið þegar Terra, ásamt fjórum öðrum fyrirtækjum, skrifuðu undir viljayfirlýsingu um kaup á vetnisknúnum vöruflutningabílum. Um er að ræða MAN htGX dráttarbíla af stærstu gerð, 44/49 tonn og verða bílarnir knúnir vetni sem framleitt er af Orku náttúrunnar. Drægni þessara bíla er allt að 600 km sem gerir þá samkeppnishæfari við hefðbundna vörubíla knúna dísil.

Orkuskipti í þungaflutningum hafa gríðarleg áhrif og vega þungt í losunarbókhaldi Terra og Íslands. Áætla má að árleg eldsneytisnotkun 20 dráttarbíla jafnist á við ríflega eitt þúsund fólksbíla og með því að skipta yfir í endurnýjanlega orkugjafa, líkt og vetni, er hægt að draga úr kolefnislosun sem nemur 1.890.000 kg CO² eða 700.000 lítrum af dísilolíu.

Á myndinni má sjá fulltrúa frá fyrirtækjunum BM Vallá, Colas, MS, Samskip, og Terra skrifa undir viljayfirlýsingu um kaup á bifreiðunum. Það er Kraftur, umboðsaðili MAN á Íslandi, sem hefur tryggt sér til afhendingar 20 bíla, til afhendingar á næsta og þarnæsta ári.





7.10. | Losun gróðurhúsalofttegunda

Heildarlosun Terra á árinu 2024 nam 5.927 tonnum koltvísýringsígilda (CO₂ íg) samanborið við 6.040 tonn árið 2023.


Þar af nam losun í umfangi 1 og 2 samtals 3.129 tonnum en var 3.696 tonn árið 2023.

Losun í umfangi 3 nam 2.798 en var 2.344 tonn árið 2023.

Losun vegna eldsneytisnotkunar farartækja er stór hluti af heildarlosuninni og nam 2.593 tonnum koltvísýringsígilda (CO₂ íg) árið 2024 samanborið við 3.140 tonn árið 2023.

Heildarorkunotkun Terra á árinu var 20.516.864 kWst en nam 22.080.530 kWst árið 2023. Rafmagnsnotkun, heitavatnsnotkun, notkun lífeldsneytis og jarðefnaeldsneytis falla þar undir.

Í sjálfbærniuppgjöri félagsins, sem unnið er með Klöppum, má sjá nánari upplýsingar um kolefnisspor Terra. Þar má sjá skiptingu og greiningu á umfangi 1, 2 og 3. Félagið mun halda áfram að greina kolefnisspor og viljum við gera betur í að ná utan um umfang 3.



5.927 tonn
heildarlosun ↓ 2%

3.129 tonn
losun í umfangi 1 og 2 ↓ 15%

2.798 tonn
losun í umfangi 3 ↑ 19%



7.11. | Mengun frá starfsstöðvum og starfsemi

Meginhlutverk Terra er að sækja úrgang til viðskiptavina og því er starfsfólk okkar mikið í umferðinni daglega. Við slíkar aðstæður getur skapast hættu á umhverfisóhöppum, t.a.m. ef árekstur á sér stað eða olía lekur úr ökutæki.

Efnin sem við meðhöndlum eru af margvíslegum toga. Sum koma inn á starfsstöðvar okkar og við komum þeim svo í réttan farveg en önnur flytjum við beint frá viðskiptavinum á áfangastað. Í okkar rekstri flæða því margvísleg efni um starfsstöðvar okkar og starfsfólk okkar þarf að meðhöndla þau. Sum eru hættulegri en önnur og geta valdið mengunarslysum, svo sem ýmsar sýrur, olíumengaður úrgangur, gaskútar o.fl. Í mörgum tilvikum er það undir starfsfólki okkar komið að skera úr um hvers konar úrgang eða efni er að ræða og tryggja rétta meðhöndlun.

Ákveðin hættu er á sjálfsíkveikju í úrgangi sem við meðhöndlum en slíkt getur gerst t.a.m. þegar raftæki eða lípíumrafhlöður eru settar í almennan blandaðan úrgang. Í okkar rekstri er því hættu á mengunarslysum.

Við viljum gera það sem við getum til að lágmarka líkur á mengunarslysum af völdum starfsemi Terra.

Óhöpp og úrlausnir á árinu

Á árinu 2024 bættum við skráningar mengunaróhappa og uppfærðum skráningarformið á árinu. Aukin fræðsla um málaflökkinn og mikilvægi þess að tilkynna atvik inn til að hægt sé að vinna að stöðugum umbótum og með betri skráningu er hægt að ná betur utan um orsakir slysa og framkvæma umbætur í kjölfarið.

Þau umhverfisatvik sem skráð voru á árinu voru flokkuð eftirfarandi: Fok úr ökutækjum á ferðinni, olíuleki úr pressum eða í vinnuvélum í eigu Terra, olía lak úr ökutæki eftir umferðaróhapp og smávægilegir olíublettir eftir ökutæki Terra.

Auka þekkingu

Á árinu var áhættumat félagsins yfirfarið og uppfært, m.a. það sem snýr að umhverfistengdum áhættum í starfseminni. Unnið var að mótvægisáðgerðum og forgangsroðun þeirra til að draga úr áhættum í starfseminni.

Unnið var eftir fræðsluáætlun en við teljum að fræðsla og þjálfun fólksins okkar skipti afar miklu máli til að lágmarka líkur á mengunar-og umhverfisatvikum.





7.12. | Úrgangur frá rekstri

Við viljum hvetja viðskiptavinum okkar og samfélagið allt til að auka flokkun og endurnýtingarhlutfall sitt. Það er því mikilvægt að við séum öðrum til fyrirmyndar þegar kemur að úrgangi frá eigin rekstri.

Þess vegna viljum við hafa það sem eitt af okkar markmiðum að flokkunarhlutfall rekstrarúrgangs okkar sé til fyrirmyndar. Úrgangur frá rekstri Terra er sá úrgangur sem verður til vegna starfsemi félagsins, ekki sá úrgangur sem við fáum til meðhöndlunar.




Markmið félagsins er að endurnýtingarhlutfall eigin rekstrarúrgangs verði 100% árið 2026.

Árið 2024 nam endurnýtingarhlutfallið 92% þar af nam endurvinnsluhlutfallið 29,3% og önnur endurnýting 62,6%. Af okkar eigin úrgangi er einungis urðað lítið magn af blönduðum úrgangi af starfstöðvum Terra á landsbyggðinni, eða 8,1% af heildinni.

Meðal verkefna sem ráðist var í á árinu til að minnka úrgang frá eigin rekstri var tiltekt í ferli og skráningu matarpantana í þeim tilgangi að minnka matarsóun. Auk þess var ferli skráningar rekstrarúrgangs Terra yfirfarið og uppfært svo auðveldara er að fylgjast með skráningum í rauntíma.

Terra fargaði 49% minna af matarleifum á árinu 2024 samanborið við árið 2023. Markmiðið var að bæta okkur um 20% á árinu þannig að við erum mjög ánægð með þennan árangur.


● endurnýting ● fargað



*Skortur á skráningu gagna á einni starfsstöð í uppgjöri 2023



7.13. | Áhrif á líffræðilega fjölbreytni



Terra er með starfsstöðvar á nokkrum stöðum á landinu og er mikið um landflutninga með efni á milli starfsstöðva og á svokallaða losunarstaði. Hnignun líffræðilegrar fjölbreytni er stækkandi vandamál sem er mikilvægt að bregðast við.

Við vildum vita hvaða áhrif Terra hefði á líffræðilega fjölbreytni í allri virðiskeðjunni og lágmarka neikvæð áhrif og auka jákvæð. Við höfum kortlagt áhrif starfsstöðva okkar á líffræðilega fjölbreytni og erum að vinna í endurskoðun verkferla til að þess að lágmarka áhættu á vistkerfið og líffræðilega fjölbreytni.



8. Félagslegir þættir




8.1. | Stefnuáherslur í félagslegum þáttum

Áherslur okkar í félagslegum þáttum eru að huga vel að starfsfólkinu okkar, viðskiptavinum og samfélaginu. Við viljum skapa jákvætt og heilbrigt vinnuumhverfi og stuðla að bættri heilsu og öryggi starfsfólks og að öll hafi jöfn tækifæri innan fyrirtækisins.

Við viljum að allt starfsfólk upplifi sig sem mikilvægan hluta af heildinni. Jafnrétti skiptir okkur miklu máli og við líðum ekki mismunun. Við viljum leggja aukna áherslu á fræðslu og stöðuga þjálfun í starfi. Við viljum taka tillit til þeirra áhrifa sem rekstur félagsins hefur á samfélagið og efla sjálfbærnitengt samstarf. Ánægja viðskipavina er okkur afar mikilvæg. Við könnum því ánægju þeirra með reglulegu samtali og mælingum í þeim tilgangi að veita framúrskarandi þjónustu og auka ánægju viðskiptavina okkar.

Í kjölfar mikilvægisgreiningar og með hliðsjón af sjálfbærnistefnu félagsins settum við okkur markmið í félagslegum þáttum. Árangur og stöðu þeirra markmiða má sjá á næstu síðu



Félagslegir þættir



Jákvæð áhrif á viðskiptavinum og samfélagið



Ánægja viðskiptavina



Samfélagsleg áhrif
þjónustu og samstarf

Heilbrigt og öruggt starfsumhverfi




Heilsa og öryggi



Aðgerðir gegn
mismunun



Jafnrétti á
vinnustað



Starfsþjálfun og
þróun í starfi

8.2.

Markmið og aðgerðaáætlun
í félagslegum þáttum

Yfirmarkmið	Markmið	Lykilmælikvarðar	Tími	2023	2024
Heilsa og öryggi	Vinnuaðstæður séu öruggar og líkur á slysum séu lágmarkaðar	Framkvæma öryggisfræðslu á öllum starfsstöðvum	Árlega	✓	✓
	Vinnustaðamenning sem styður við heilbrigði starfsfólks	Veita starfsfólki heilsueflandi fræðslu Veita leiðbeiningar til starfsfólks um rétta líkamsstöðu við sín störf	Árlega Árlega	✓ Að hluta	✓ ✓
Aðgerðir gegn mismunun	Mismunun sé ekki liðin	Inngildingarkönnun	2024	N/A	✓
	Koma í veg fyrir mismunun	Fræðsla og kynning um mismunun á vinnustað	Árlega	✓	✓
Jafnrétti á vinnustað	Tryggð séu sömu laun fyrir sömu störf	Jafnlaunavottun sé viðhaldið Útkoma launagreiningar sé undir 2%	Árlega Árlega	✓ 1,8%	✓ 0,9%
	Kynjafjölbreytni í öllum deildum	80/20% kynjahlutfall innan fyrirtækisins 90/20% kynjahlutfall meðal bílstjóra 60/40% kynjahlutfall í framkvæmdastjórn Terra 60/40% kynjahlutfall meðal millistjórnendateymis Terra	2025 2025 2024 2023	84/16% 98/2% 86/14% 60/40	87/13% 97/3% 86/14% 72/28%
	Jöfn tækifæri til fæðingar- og foreldraorlofs	Framkvæma greiningu á lengd orlofs hjá foreldrum	2024	N/A	✓
	Starfsauglýsingar leggja áherslu á að öll kyn séu velkomin	Orðalag kynlaust í starfsauglýsingum	2023	✓	✓
Starfsþjálfun og þróun í starfi	Jöfn tækifæri séu til að vaxa í starfi	Fjöldi starfsfólks sem hefur fengið stöðuhækkun/tilfærslu í starfi mældur	Árlega	11	9
	Skýr vegferð og hlutverk starfsfólks innan fyrirtækisins	Fjöldi púlssamtala yfirmanna við sitt starfsfólk, markmið að allt starfsfólk fái samtal a.m.k. 1x á ári	2024	N/A	97
Ánægja viðskiptavina	Regluleg starfstengd þjálfun	Stefna og áætlun um fræðslu starfsfólks til staðar	2024	🔄	✓
	Mikil viðskiptaánægja	Reglulegar mælingar á viðskiptaánægju Endurskoðun á úrbótaferli í kjölfar könnun á viðskiptaánægju	4x á ári Árlega	✓ ✓	✓ ✓
Samfélagsleg áhrif þjónustu og samstarfs	Þekking viðskiptavina á úrgangsmálum verði meiri	Skiplagðar fræðslur sendar sérstaklega til viðskiptavina um fjölbreytta þætti sem viðkemur úrgangsmálum.	2023	80	64
	Styrktarstefna tekur mið af sjálfbærni	Fjölga styrkjum hvað varðar nýsköpun og umhverfismálum (hækka hlutfallið)	2026	N/A	30%

*Formlegt ferli púlssamtala var mótað í ársbyrjun 2024 og hófust samtöl samkvæmt nýju verklagi á árinu 2024



8.3. | Mannauðurinn okkar

Við erum 276 og komum frá 14 löndum og störfum á 8 starfsstöðvum vítt og breitt um landið.

Starfsánægja er lykilmælikvarði

Á árinu hefur verið kappkostað að vinna eftir nýrri mannauðsstefnu sem leit ljós á árinu 2023.*

„Mannauðsstefna okkar leggur áherslu á að skapa vinnuumhverfi þar sem starfsfólk getur blómstrað og fengið stuðning í starfi. Við viljum tryggja að hver starfsmaður upplifi starfsferil sinn á jákvæðan og uppbyggilegan hátt, með nægu rými til persónulegs og faglegs vaxtar.

Það er lykilatriði að vinnan sé skemmtileg og hvetjandi, því trúum við að ánægt starfsfólk sé einn af hornsteinum í árangri okkar.

* Sjá nýja mannauðsstefnu á vefsíðu félagsins.


Við leggjum einnig áherslu á að hlusta á þarfir og hugmyndir starfsfólks til að skapa enn betra vinnuumhverfi.“

segir Sólrún Hjaltested mannauðsstjóri Terra.

Við viljum að fólk sé ánægt í starfi hjá okkur, því líði vel, fái stuðning og upplifi að á það sé hlustað. Til þess að meta hvar við stöndum voru gerðar fimm mannauðsmælingar á árinu. Markmið Terra er að starfsánægjan árið 2026 verði **8,2**. Niðurstöður fyrstu fjögurra mælinga ársins voru þær sömu, meðalskor var **7,4**. Niðurstaða síðustu mælingu ársins hækkaði hins vegar upp í **7,7**, sömuleiðis jókst þátttaka í könnuninni sem var mest hingað til í mælingum eða **74%** og **meðmælaskor 35** sem telst vera gott.



Sólrún Hjaltested,
mannauðsstjóri Terra



Stjórnendamat

Á árinu var gert fyrsta stjórnendamat fyrirtækisins. Svarhlutfall var 76% og voru 19 stjórnendur metnir. Miðgildi hvers stjórnanda var **8,6** sem verður að teljast nokkuð gott. Í framhaldinu hittust stjórnendur á vinnustofu með ráðgjafa og fóru yfir niðurstöðurnar og ræddu leiðir til að bæta frammistöðu sína enn frekar. Stefnt er að því að leggja fyrir árlegt stjórnendamat enda mikilvægt fyrir stjórnendur að vita stöðu sína, styrkleika og hvað má betur fara svo hægt sé að bregðast við því.






8.4. | Það verður að vera gaman

Árið 2024 hjá starfsmannafélaginu okkar var eitt það öflugasta hingað til.

Terra varð **40 ára á árinu** og var strax ákveðið að nýta hvert tilefni til að fagna þeim áfanga.

Stærsti viðburður ársins var klárlega árshátíð félagsins sem var í fyrsta sinn haldin fyrir norðan á Akureyri en þar rekur Terra stóra starfsstöð. Við vildum fá sem mest út úr helginni svo að auk þess að vera með heljarinnar árshátíðarveislu í Sjallanum héldum við starfsdag í Hofi þar sem samstarfsfélagar sem sumir hafa unnið saman í mörg ár fengu tækifæri til að hittast og spjalla saman. Yfirskrift starfsdagsins var hvernig við getum orðið enn öflugri liðsheild. Svo endaði helgin á ferð í Skógarböðin.

Starfsmannafélagið hélt mánaðarlega viðburði allt árið, misstóra þó. Sem dæmi voru á dagskrá leikhúsferðir, morgunkaffi, keiluferðir, Oktoberfest, partý á starfsstöðum okkar, golfmót, pílumót, pókermót og leynivinaleikur fyrir jólin svo eitthvað sé nefnt. Einnig gaf starfsmannafélagið meðlimum litla sumargjöf og glaðning fyrir jólin.



Á árinu bættist síðan starfsfólk Öryggisgirðinga í hópinn sem og starfsfólk okkar í Vestmanneyjum. Við höfum gert okkar besta til að taka vel á móti þeim.

Lokapunktur ársins var svo jólahlaðborðið sem haldið var á tveimur stöðum. Annað á Grand hótél og hitt á Hótél Laxá. Þó að afmælisárið sé liðið erum við ekki hætt að hafa gaman. Það er strax búið að stilla upp mjög metnaðarfullri dagskrá á vormánuðum 2025.



8.5. | Heilsa og öryggi



Terra leggur mikið upp úr velferð starfsfólks og vill tryggja að vinnuaðstæður séu öruggar og líkur á slysum séu lágmarkaðar. Félagið stuðlar að bættri andlegri og líkamlegri heilsu starfsfólks og að vinnustaðamenningin hvetji til aukins heilbrigðis.

Heilbrigð vinnustaðamenning

Terra leggur ríka áherslu á bæði líkamlega og andlega heilsu starfsfólks. Félagið vinnur að því að byggja upp virka öryggis- og heilsuvitund til að lágmarka líkur á slysum, tjónum og fjarvistum vegna veikinda.

Terra er með samning við Vinnuvernd sem er viðurkenndur heildstæður þjónustuaðili á sviði öryggis og heilsuverndar. Hjá Terra hvetjum við hvort annað til að huga að heilsunni, bjóðum upp á ýmsa ráðgjöf, heilsustyrk og fjölbreytta heilsutengda fræðslu svo eitthvað sé nefnt.

Terra stuðlar að bættri andlegri og líkamlegri heilsu starfsfólks með:



Ráðgjöf af ýmsu tagi, eins og sálfræðiráðgjöf, áfallahjálp, hjónabands- og fjölskylduráðgjöf



Flensusprautu og starfstengdum bólusetningum



Aðgengi að trúnaðarlækni



Heilsustyrk



Þátttaka í Reykjavíkumaraþoni greidd af Terra



Fólk hvatt til að taka þátt í hreyfingu, t.d. Lífshlaupinu og hreyfiáskorunum



Starfsfólki boðið upp á heilsutengda fræðslu í Terra skólanum

* [Sjá nánar stefnur hér](#)




8.6. | Komum heil heim

Terra vill skapa öfluga heilsu- og öryggismenningu innan félagsins og viljum við að starfsfólk okkar komi heilt heim og vinni saman sem ein heild.

Mikilvægur hlekkur í að skapa slíka menningu er upplýsingagjöf, reglulegt samtal, þjálfun og fræðsla. Ný rafræn öryggisfræðsla var gefin út í Terra skólanum á árinu þar sem farið var yfir grunnkröfur og reglur félagsins í öryggismálum. Terra gerir kröfu til þeirra sem sinna stjórnunarstörfum að sýna gott fordæmi og því er mikilvægt að stjórnendur taki virkan þátt í þjálfun og fræðslu.

Á árinu var aukin umræða og umfjöllun um öryggismál á innri vef félagsins. Umbætur hafa verið gerðar á starfstöð félagsins í Hafnafirði með tilliti til öryggismála í framhaldi af áhættumati sem var framkvæmt vegna vinnu á svæðinu og við vélar og tækjabúnað. Unnið hefur verið að bættum öryggisvörnum, skýrari göngu- og akstursleiðum ásamt

því að vélar og tæki voru gerð sýnilegri á vinnusvæðum Terra. Áfram verður unnið í verkefnum á umbótalistanum og að uppfærslu og skráningu á verklagsreglum. Innleiðing á bættu verklagi með fræðslu og þjálfun verða þar stærsti þátturinn.





8.6. | Komum heil heim

Okkar störf eru fjölbreytt og sinnir starfsfólkið okkar störfum sem eru miskrefjandi fyrir líkama og sál.

Mikilvægur hluti þess að skapa öryggisvitund er að rýna og endurmeta áhættur í hverju starfi. Félagið er langt komið með að endurnýja áhættumat allra starfa og yfirfara og innleiða umbótatillögur sem hafa komið fram í þeirri vinnu.

Enn eru of mörg slys og atvik hjá félaginu en unnið er að umbótum og lagfæringum á verklagi og aðstæðum eins vel og hægt er í kjölfar allra atvika. Stærsti þátturinn í þeirri vinnu er fræðsla og innleiðing á öryggisvitund til starfsfólks þvert á allt félagið.

Aukning hefur verið í skráningum starfsfólks um hættulegar aðstæður og atriði sem hægt er að gera öðruvísi eða með öruggari hætti. Það skiptir félagið mjög miklu máli að fá þessi atriði inn. Einnig fékk öryggismálaflokkurinn mikla umræðu á starfsdegi félagsins í apríl, þar sem starfsfólk kom saman og ræddi hvar tækifærin eru til að gera Terra betra.

Á árinu var mikill fókus á bætta skráningu á tjónum, þó tölur í skráningarkerfinu okkar séu að aukast um fjölda tjóna er ástæðan líka bætt og aukin skráning á minni atvikum, bæði á okkar búnaði og þar sem viðskiptavinir og nágrannar verða fyrir tjóni af okkar völdum.

Þessar skráningar og upplýsingar gagnast félaginu í þeirri umbótavinnu sem er í gangi, til að komast að ástæðu atvika og hvort tenging sé á milli þeirra, verklags og aðstæðna. Einhver atvik er erfitt að fyrirbyggja þar sem þau snúa að aðgengi að ílátum hjá viðskiptavinum félagsins. Oftar en ekki eru það aðstæður sem eru ekki á okkar ábyrgð, en þá er alltaf tekið samtal við viðskiptavininn og reynt að finna leiðir að betri aðstöðu og verklagi saman. Veðuraðstæður eins og mikill vindur, hálka, snjór og klaki eru þættir sem hafa mikil áhrif bæði á tjón og atvik í fyrirtæki eins og okkar.

„Áhugi starfsfólks á öryggismálum er mikill og því gaman að vinna áfram saman að því að við komumst öll heil heim.“



Anna Jóna Kjartansdóttir,
öryggis-, umhverfis- og gæðastjóri Terra



8.7. | Við viljum vera fjölbreytt

Við leggjum áherslu á að vera fjölbreyttur vinnustaður með mismunandi viðhorf, ólíkan bakgrunn, starfsfólk af mismunandi kynjum, þjóðerni, aldri o.fl. Við trúum því að með fjölbreyttum hópi komist fleiri sjónarhorn að og þannig tökum við betri ákvarðanir fyrir okkur og framtíðina.

Við erum **276** hjá Terra,
13% konur og 87 % karlar.

Meðalaldur starfsfólks er 40 ár
og meðalstarfsaldur er 5,2 ár. Hjá
okkur starfar fólk af **14 þjóðernum.**



- 2 ● Bandaríkin
- 2 ● Filíppseyjar
- 197 ● Ísland
- 1 ● Ítalía
- 2 ● Lettland
- 19 ● Litháen
- 1 ● Nígería
- 36 ● Pólland
- 1 ● Portúgal
- 10 ● Rúmenía
- 1 ● Þýskaland
- 1 ● Túnis
- 1 ● Ungverjaland
- 2 ● Venesúela



8.8. | Jafnrétti á vinnustað

Við hjá Terra viljum tryggja jafna stöðu fólks af öllum kynjum innan fyrirtækisins hvað varðar laun, tækifæri til starfsþróunar, endurmenntunar og önnur starfstengd réttindi. Við viljum einnig að allt starfsfólk eigi jafna möguleika á að starfa hjá fyrirtækinu og að fara í fæðingar- og foreldraorlof.

Jafnlaunavottun

Frá 2020 hefur félagið verið vottað samkvæmt jafnlaunastaðlinum ÍST 85:2012 og nær sú vottun til allra starfsstöðva félagsins. Meginmarkmið jafnlaunavottunar er að vinna gegn ómálefnalegum launamun og stuðla að jafnrétti á vinnumarkaði í samræmi við lög nr. 150/2020 um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna. Slík vottun felur meðal annars í sér að félagið hefur skuldbundið sig til þess að innleiða viðmið við ákvörðun launa sem tryggja að hver og einn fái greitt fyrir starf út frá verðmæti vinnuframlags síns, óháð kyni.

Jafnréttis- og jafnlaunastefnu Terra er ætlað að tryggja jafnrétti, að allar launaákvörðanir séu byggðar á málefnalegum forsendum og að allt starfsfólk njóti jafnra launa og kjara fyrir sömu eða jafn verðmæt störf. Með því að fylgja stefnunni tryggir félagið jafnframt að lögum og kröfum jafnlaunastaðalsins sé fylgt.

Í úttekt á jafnlaunakerfi félagsins, sem framkvæmd var í mars 2024, mældist óútskýrður launamunur kynjanna 0,9%, konum í vil, og náðist því markmið félagsins um að vera undir 2% á hverju ári. Árið áður mældist launamunur 1,8%, konum í vil.*

* Næsta úttekt á jafnlaunakerfi félagsins fer fram í lok maí 2025 og því lágu niðurstöður fyrir árið 2024 ekki fyrir við útgáfu skýrslunnar.





8.9. | Kynjaskipting hjá Terra

Félagið hefur verið þátttakandi í Jafnvægisvog FKA síðan 2020. Verkefninu er ætlað að stuðla að auknu jafnvægi kynja í efsta lagi stjórnenda fyrirtækja í íslensku viðskiptalífi.


Markmið félagsins er að kynjahlutfall meðal stjórnenda félagsins í heild sinni séu 60/40. Í þeim hópi er með talin framkvæmdastjórn, millistjórnendur og aðrir stjórnendur. Markmiðið náðist á árinu 2023 en á árinu 2024 urðu skipulagsbreytingar þar sem nýir stjórnendur bættust í hópinn sem hafði þau áhrif að markmiðinu var því miður ekki náð í ár.

Við höfum tryggt kynhlutlaust orðalag í atvinnuauglýsingum og hvatt fólk af öllum kynjum til að sækja um störf hjá okkur. Hjá fyrirtækinu köpuðust átta ný störf og í þau voru ráðnar þrjár konur.

Fyrirtækið hefur sett sér metnaðarfull markmið að jafna stöðu kynjanna eins og sjá má á mynd hér fyrir neðan en tölfræðin undanfarin ár sýnir að þetta hefur ekki gengið eins og vonir stóðu til. Við höfum rýnt í ástæður þess, sennilega vegur það þyngst að geirinn sem fyrirtækið starfar í er mjög karllægur sem kann að hafa áhrif á að við höfum ekki fengið mikið af umsóknum frá konum, sérstaklega í framlínustörfin hjá okkur. Þetta kallar á endurskoðun á markmiðum okkar á þessu sviði og aðferðum til að ná þeim.

Jöfn tækifæri til fæðingar- og foreldraorlofs

Við viljum að starfsfólk af hvaða kyni sem er upplifi jöfn tækifæri til fæðingar- og foreldraorlofs. Við framkvæmdum greiningu á árinu 2024 á lengd og töku fæðingar- og foreldraorlofs hjá starfsfólki Terra, með það að markmiði að greina frávik og fylgjast betur með þeim. Alls fóru 16 starfsmenn í fæðingarorlof á árinu, allt karlmenn. Meðaltími í fæðingarorlofi voru 12,5 vikur. Gaman er að segja frá því að allt það starfsfólk sem eignuðust börn á árinu nýttu sér rétt til fæðingarorlofs.





8.10. | Aðgerðir gegn mismunun

Við hjá Terra tökum skýra afstöðu gegn hvers konar mismunun og líðum ekki mismunun á grundvelli kyns, kynþáttar eða þjóðernis, kynferðis, aldurs, trúar, búsetu, skoðana eða annarra þátta.

Við vinnum eftir jafnréttis- og jafnlaunastefnu félagsins en markmið hennar er að stuðla að jafnrétti í samræmi við lög nr. 150/2020 um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna. Stefnan nær til alls starfsfólks fyrirtækisins og er stjórnendum og starfsfólki gert að fylgja henni til að stuðla að auknu jafnrétti á vinnustaðnum og til að ná fram því markmiði að vera eftirsóttur vinnustaður. Við tökum öllum tilvikum og tilkynningum um mismunun alvarlega.

Á árinu bauðst okkur að taka þátt í fyrstu inngildingar-könnun á vegum Öldu sem gerð hefur verið á Íslandi.

Inngildingarvísitalan er mikilvægt framlag til umræðunnar um fjölbreytileika og inngildingu í atvinnulífinu og gefur vísbendingar um upplifanir fólks á vinnustöðum. Á inngildandi vinnustað getur allt starfsfólk tekið fullan þátt og blómstrað í starfi óháð bakgrunni sínum. Jafnframt er horft til þess að fólk upplifi að það tilheyrir og það sé virkt á vinnustaðnum.

Inngildingarvísitala Íslands fyrir árið 2024 er 3.4 af fimm mögulegum. Inngildingarvísitala Terra er 3,2, en um 60% þátttaka var í könnuninni.

Niðurstöðurnar sýna að við þurfum að styrkja okkur á þessu sviði og skapa umhverfi þar sem allt starfsfólk upplifir sig velkomið og metið. Við munum bjóða upp á fræðslu fyrir starfsfólk til að auka skilning þess og vitund um mikilvægi inngildingar. Við viljum hlusta á fjölbreytt sjónarhorn og skapa vettvang fyrir opna og heiðarlega umræðu um inngildingu og fjölbreytileika. Við munum meta og endurskoða árangur okkar til að tryggja framfarir á þessu sviði.

Hjá Terra er í gildi viðbragðsáætlun í EKKO málum og skýrt tilkynningarferli. Viðbragsáætlunin og ferlið var uppfært í ársbyrjun og tilgreint í síðustu sjálfbærniskýrslu. Líkt og þar kom fram fóru allir stjórnendur á sérstakt EKKO námskeið til að efla, þjálfar og viðhalda færni til að takast á við verkefni í starfi sem tengjast EKKO málaflokknum.



8.11. | Starfsþjálfun og þróun í starfi

Í mannauðsstefnu félagsins er stefna í fræðslumálum mörkuð en þar vill Terra leggja áherslu á að bjóða upp á fjölbreytta fræðslu og þjálfun sem tryggir að starfsfólk okkar fái viðeigandi fræðslu og þjálfun fyrir hvert starf.

Í síbreytilegu umhverfi, hvort sem það snýr að umhverfinu eða stafrænni þróun, er mikilvægt að auka hæfni, læra nýja hluti og tileinka sér ný vinnubrögð. Við viljum skapa menningu vaxtarhugarfars, valdefla starfsfólkið okkar og hvetja það til að taka þátt með fræðslu og þjálfun. Svo lengi lærir sem lifir.

Á árinu stækkaði Terra skólinn okkar töluvert en Terra skólinn er rafrænn fræðsluvettvangur fyrir starfsfólk Terra. Terra skólinn veitir öllu starfsfólki þvert á landið aðgang að fjölbreyttu fræðsluefni bæði til að efla persónulega og faglega færni. Rafræn fræðsla sparar tíma, kolefnisspor og veitir öllum jafnan aðgang að fræðsluefni óháð staðsetningu eða starfi.

Í Terra skólanum höfum við boðið starfsfólki upp á fjölbreytta valkvæða fræðslu, svo sem varðandi rétta líkamsbeitingu, markmið og árangur, húmor á vinnustað, heilsuspretti, samskipti og annað slíkt. Einnig heldur Terra skólinn utan um skyldufræðslu starfsfólks eins og nýliðafræðslu sem var framleidd á árinu. Allt nýtt starfsfólk Terra fer í gegnum nýliðafræðsluna en hún kynnir félagið fyrir starfsfólki, tekur á öryggismálum, hlutverki og ábyrgð starfsfólks.

Við leggjum mikla áherslu á öryggi og í Terra skólanum getur starfsfólk tekið bóklegt skyndihjálparnámskeið og fengið svo verklega þjálfun í fjölfarið. Á árinu fengu 75 starfsmenn Terra endurnýjuð skyndihjálparskírteini. Við leggjum upp með að allt starfsfólk fari á skyndihjálparnámskeið á tveggja ára tímabili.





8.11. | Starfsþjálfun og þróun í starfi


Terra skólinn er í sífelldri þróun og við höldum áfram að auka við fræðslusafnið okkar og markvisst verður unnið að framleiðslu sértæks fræðsluefnis fyrir starfsfólk Terra á næsta ári.

Starfsfólk Terra stendur til boða að fara á íslenskunámskeið á vegum félagsins sem við teljum mikilvægt í að styðja við starfsfólkið okkar en hjá Terra starfar fólk af 14 þjóðernum.

Um mitt árið byrjuðum við að bjóða erlendu starfsfólki upp á aðgang að Bara tala sem er stafrænn íslenskukennari sem byggir á gervigreind og íslenskri máltækni. Starfsfólk fær með því aðgang að appi í símanum þar sem því gefst tækifæri til að læra íslensku hvar og hvenær sem er. Núna eru 20 starfsmenn að nýta sér þennan aðgang.

Við viljum að starfsfólkið okkar fái jöfn tækifæri til að vaxa í starfi og að vegferð og hlutverk allra innan fyrirtækisins séu skýr.

Við erum nýlega búin að uppfæra starfsmannasamtölin okkar og ferlið í kringum þau. Við köllum slík samtöl púlsmælingar og lítum á þær sem leið til að taka púlsinn á fólkinu okkar, hlusta á þarfir þeirra, fá gagnkvæma endurgjöf, skilja hvert það vill stefna og hvort það sé eitthvað sem fyrirtækið getur gert til að styðja það betur, m.a. með tilliti til fræðslu, starfsþróunar eða annarra þátta í vinnuumhverfinu.





8.12. | Viðskiptaánægja

Ánægja viðskiptavina okkar skiptir okkur miklu máli og að gera betur í dag en í gær með stöðugum umbótum. Við viljum hvetja viðskiptavinini okkar til að bæta úrgangsstjórnun og auðvelda þeim hana og lítum á ábendingar um það sem betur má fara sem tækifæri til þess að gera enn betur.

Við trúum því að með auknu samtali og ráðgjöf til okkar viðskiptavina verði ánægja viðskiptavina okkar meiri og aukinn árangur í úrgangsstjórnun.

Viðskiptastjórar Terra heimsóttu mörg fyrirtæki á árinu 2024 þar sem úrgangsmál voru skoðuð og leiðir til úrbóta fundnar. Það er mikilvægt að viðskiptavinir okkar nái góðum árangri í flokkun úrgangs svo Terra fá hreinni strauma í sína aðfangakeðju.

Á árinu 2024 var mikil tæknileg uppfærsla hjá Terra þegar nýtt aksturs- og þjónustukerfi var innleitt og fór í loftið 1. maí. Þessi breyting var mikið framfaraskref og kallaði á breytingu víðsvegar í rekstri félagsins og á verklagi starfsfólks. Á næstu síðu er gerð frekari grein fyrir nýja kerfinu og öðrum tæknilausnum sem Terra hefur unnið að í þeim tilgangi að bæta þjónustu við viðskiptavinini og minnka kolefnisspor félagsins.

Við mælum ánægju viðskiptavina okkar

Á árinu framkvæmdi félagið tvær NPS kannanir til þess að mæla hvort viðskiptavinir félagsins mæli með því sem þjónustuaðila. Meðaltal þeirra kannana fyrir árið 2024 var **5** (árið 2023 var meðaltalið 0,3). Mælikvarði NPS kannana er frá -100 til 100.

Þá framkvæmdi Gallup könnun fyrir félagið til þess að meta stöðu og styrk vörumerkisins á markaðinum miðað við samkeppnisaðila félagsins. Árið 2024 mældist jákvæðni gagnvart vörumerkinu Terra **6,1** en var 5,9 árið 2023.





8.13. | Tæknilausnir, aukin sjálfvikni og þjónusta og minna kolefnisspor

Innleiðing nýs aksturs- og þjónustukerfis hjá Terra

Á árinu innleiddi Terra nýtt aksturs- og þjónustukerfi til að bæta verkferla og þjónustu. Fyrri kerfið var úrelt, byggt á gömlum tæknilausnum auk sérsniðinna lausna sem uppfylltu ekki lengur kröfur félagsins. Eftir umfangsmikið undirbúnings- og valferli var tekin ákvörðun um að innleiða nýtt kerfi, AMCS Platform sem er sérhönnuð alþjóðleg skýjalausn fyrir iðnaðinn sem Terra starfar í og er notað af fjölmörgum fyrirtækjum um heim allan.

Innleiðingarferlið stóð yfir í einungis fimm mánuði, sem er að sögn þjónustuaðila skilvirkasta innleiðing þeirra hingað til. Þessi árangur byggir á öflugri verkefnastýringu frá upphafi, samhentu innleiðingarteymi og sterkum stuðningi stjórnenda og síðast en ekki síst jákvæðu starfsfólki sem vel flest þurfti að gera breytingar á sínum daglegu störfum við útskipti á eldra kerfi.

Nýja skýjalausnin gerir Terra kleift að hafa skilvirkt utanumhald um öll verkefni tengd viðskiptavinum. Kerfið býður upp á mun betri samþættingu við önnur kerfi og bætir gagnavinnslu verulega. Með þessu nýja kerfi hefur Terra byggt upp traustan grunn fyrir framtíðarþróun.

Sjálfvirkni og bættu þjónustustigi náð með rúmmálsskynjurum

Auk þess tók Terra í notkun rúmmálsskynjara í grenndargáma og fleiri tegundir gáma sem fyrirtækið þjónustar fyrir viðskiptavinum sína. Skynjararnir mæla fyllingarstig gáma og senda sjálfvirka tilkynningu þegar kominn er tími á losun. Þessi nýjung gerir Terra kleift að losa aðeins þá gáma sem þess þurfa, í stað þess að fylgja föstum losunaráætlunum sem oft leiddu til losunar á hálfótómum gámum. Þannig eykst skilvirkni og þjónusta og tryggt er að gámar séu losaðir þegar þörf krefur. Þetta hefur auk þess jákvæð áhrif á kolefnisspor félagsins til muna.

„Upplýsingatækni og gögn skipta gríðarlega miklu máli í öllum rekstri í dag. Terra hefur einsett sér að vera í fremstu röð hvað það varðar og það er frábært að finna stuðning stjórnenda og starfsmanna við þá vegferð sem Terra er á inn í framtíðina.“



Haraldur Eyvinds Þrastarson,
forstöðumaður upplýsingatækni



8.14. | Gæðavottun og stöðugar umbætur

Frá 2018 hefur félagið verið vottað samkvæmt ISO 9001 gæðastaðlinum sem tryggir meðal annars að stjórnkerfi fyrirtækisins er virkt, rýni stjórnenda er í föstum skorðum og unnið er að stöðugum umbótum, skráningu atvika, greiningu orsaka og framkvæmd umbóta. Við viljum auka ánægju viðskiptavina okkar sem er grunnur að frekari þróun fyrirtækisins m.a. með því að vera stöðugt vakandi fyrir tækifærum til að gera enn betur og mæta þörfum viðskiptavina okkar.


Nýr þjónustuvefur Terra

Sífelld aukast kröfur til fyrirtækja um að upplýsa um sín sjálfbærnimál. Úrgangsmál eru mikilvæg sneið af kökunni sem við köllum sjálfbærni og upplýsingagjöf um hvernig fyrirtæki haga úrgangsmálum sínum er hluti af þeim. Ein af áherslunum í framtíðarsýn Terra – Stuðlum að sjálfbærni – er augin sjálfvirkni og að veita viðskiptavinum enn betri upplýsingar um sín úrgangsmál og styðja þannig við sjálfbærniþróun þeirra.

Terra hefur mikinn metnað í að aðstoða sína viðskiptavini við að ná árangri í sinni úrgangsstjórnun og einn af lykilþáttum þar er að veita þeim gott aðgengi að tölulegum upplýsingum og greiningu á úrgangsstjórnun.

Nýja aksturs og þjónustukerfið kallaði á miklar breytingar og uppfærslu tenginga við „Mínar síður“ Terra. Vorið 2025 fer nýr Þjónustuvefur Terra í loftið og leysir þar með af vefinn „Mínar síður“ sem flestir viðskiptavinir okkar hafa nýtt sér.

Það er nauðsynlegt fyrir fyrirtæki að setja sér skýr markmið í flokkun og við sjáum að það er sammerki með þeim viðskiptavinum okkar sem hafa náð framúrskarandi árangri í sinni úrgangsstjórnun. Núi Þjónustuvefurinn mun auðvelda viðskiptavinum að setja sér skýrari markmið og ná með því enn betri árangri í úrgangsstjórnun.





8.15. | Við hvetjum viðskiptavinum okkar áfram og veitum Umhverfisverðlaun

Síðustu fimm ár hefur Terra valið viðskiptavin og veitt Umhverfisverðlaun fyrir framúrskarandi árangur í flokkun og endurvinnslu. Í fyrsta sinn árið 2024 voru valin tvö fyrirtæki til að hljóta þessi eftirsóttu verðlaun. Eitt á höfuðborgarsvæðinu og eitt á landsbyggðinni.

Fyrir árangur á árinu 2024 á höfuðborgarsvæðinu er það Íslandshótel sem hlaut umhverfisverðlaunin fyrir framúrskarandi, markvissan og eftirtektaverðan árangur og ábyrga stefnu í úrgangsmálum.

Íslandshótel er að sinna sínum úrgangsmálum af mikilli festu og miklum áhuga. Það hefur verið ánægjulegt að vinna með þeim í að finna betri leiðir, betri ílát fyrir ákveðna úrgangsflokka og aðstoða þau við að ná árangri.

Í rökstuðningi nefndarinnar kom meðal annars fram að starfsfólk Íslandshótela hefur haft skýra sýn og unnið mjög markvisst í þá átt að sem allra mest af því sem til fellur fari aftur inn í hringrásarhagkerfið og sem allra minnst í urðun. Enda er árangurinn eftir því hjá Íslandshótelum.

„Við hjá Terra vinnum þétt með viðskiptavinum okkar og hvetjum fólk og fyrirtæki til að flokka betur og auka endurvinnsluhlutfall alls úrgangs sem fellur til á hverjum stað.“

„Það er vaxandi skilningur, sem betur fer, að við getum með frekar lítilli fyrirhöfn og tilkostnaði komið miklu stærri hluta úrgangs aftur inn í hringrásina. Sífellt fleiri eru að vakna og bera meiri ábyrgð á úrgangsmálum fyrirtækja sinna enda eru úrgangsmál einn málaflokkur sjálfbærnimála fyrirtækja. Umhverfisverðlaunin eru hvatning til allra okkar viðskiptavina að gera betur,“

segir Valgerður Sigrúnar Vigfúsardóttir, forstöðumaður viðskiptadeildar Terra.

Á myndinni má sjá Jóhann Gunnarsson, viðskiptastjóra Terra, frá Íslandshótelum eru þau Lijing Zhou sérfræðingur í sjálfbærni, Guðlaugur Sæmundsson innkaupastjóri, Erna Dís Ingólfsdóttir framkvæmdastjóri mannauðs og gæðasviðs, Hjörtur Valgeirsson framkvæmdastjóri rekstrarsviðs og Valgerði Sigrúnar Vigfúsardóttir, forstöðumann viðskiptadeildar.





8.15. | Við hvetjum viðskiptavinum okkar áfram og veitum Umhverfisverðlaun

Fyrir árangur á árinu 2024 á landsbyggðinni er það PCC BakkiSilicon sem hefur hlotið umhverfisverðlaun Terra, en fyrirtækið hefur lagt mikla áherslu á sjálfbærni og umhverfisvernd í starfsemi sinni.

Fyrirtækið hefur sérstakan umhverfisstjóra sem vinnur að því að lágmarka umhverfisfótspor þess. Flokkun úrgangs hefur gengið afar vel hjá PCC, þar sem fyrirtækið flokkar nú úrgang í alls 34 mismunandi flokka. Á árinu 2024 lét PCC einnig malbika gámaplan á lóð sinni, sem stuðlar að betri aðstöðu fyrir umhverfisvæna úrgangsstjórnun.

Að mati Terra hefur PCC BakkiSilicon sýnt framúrskarandi árangur í umhverfismálum, verið virkt í samskiptum og tekið jákvætt í ábendingar til að hámarka endurvinnsluferla. Fyrirtækið hefur sýnt mikinn metnað í að bæta umhverfisstarf sitt og aðlaga sig að nýjustu kröfum í umhverfismálum

„PCC er fyrirtæki sem ánægjulegt er að starfa með. Starfsemi þeirra krefst sértækra lausna og felur í sér áhugaverðar áskoranir, þar sem samstarfsvilji þeirra er ávallt til staðar.“

segir Kristbjörn sölu- og þjónustustjóri Terra.

Hér á myndinni má sjá Þórunni Harðardóttur, öryggissérfræðing, Tomasz Jan Horyn, CEO og Steindór Freyr Þorsteinsson, öryggisstjóra, taka á móti verðlaunum úr hendi Kristbjörns Viðars Baldurssonar sem er sölu- og þjónustustjóri hjá Terra.





8.16. | Samfélagsleg áhrif þjónustu og samstarf

Deilum þekkingu – vinnum saman

Við viljum taka sérstakt tillit til þeirra samfélagslegu áhrifa sem þjónusta Terra hefur og vinna markvisst að því að auka jákvæð áhrif. Þá horfum við til þess að auka þekkingu okkar viðskiptavina á úrgangsmálum og öðrum þáttum tengdum starfsemi Terra. Við viljum deila okkar reynslu og þekkingu á úrgangsmálum og flokkun til viðskiptavina og samfélagsins.

Við trúum að með auknu samtali og fræðslu um úrgangsmál og flokkun til viðskiptavina okkar gerum við þeim kleift að draga úr kostnaði við að koma úrgangi í réttan farveg og samtímis ganga betur um jörðina okkar. Við viljum einnig halda áfram að fræða almenning um úrgangsmál og hvetja aðra til að skilja ekkert eftir.

Undanfarin ár höfum við hjá Terra gefið út **flokkunarhandbók fyrir fyrirtæki og stofnanir**. Vegna þess að sífellt eru ný efni í umferð er handbókin lifandi og uppfærð eftir þörfum. Markmiðið er að fræða fyrirtæki og einstaklinga um flokkun svo að hámarksárangur náist. Þannig styðjum við markmið okkar um að hækka endurvinnsluhlutfall, þ.e. að hækka hlutfall efna til endurvinnslu/endurnýtingar og minnka hlutfall úrgangs sem er urðaður.

Á árinu voru upplýsingar á vefsíðu Terra um meðhöndlun úrgangs eftir landsvæðum og úrgangsflokkum þróaðar áfram. Þar má finna upplýsingar um endastöð úrgangsins, úrgangsmeðhöndlun og aukaafurð, eftir því sem við á. Þar má finna nánari upplýsingar um hvaða efni fara aftur í hringrásina og hvaða efni rata ekki þangað en það er einmitt þar sem við eigum verk að vinna og erum við staðráðin í að stuðla að því að efni fari í auknum mæli aftur inn í hringrásina.





8.17. | Við styrktum ýmis verkefni á árinu

Félagið tekur virkan þátt í því samfélagi sem það starfar í og í því felst meðal annars að styrkja margvísleg málefni. Terra er stolt af stuðningi sínum við ólík verkefni og málstaði. Með stuðningi sínum vill félagið leggja sitt af mörkum til að styðja nærsamfélagið. Auk þess styrkir félagið einstök góðgerðarmál, m.a. mannúðar- og hjálparstarf.

Allar beiðnir sem berast Terra eru skoðaðar í takt við styrktarstefnu Terra sem tekur mið af sjálfbærnistefnu félagsins. Terra styrkir málefni sem gagnast nærsamfélaginu með sérstaka áherslu á:

- Umhverfismál – Betri umgengni við jörðina
- Nýsköpun – Sköpum nýjar leiðir að hringrásarhugsun
- Heilbrigður lífsstíll – Stuðlum að heilbrigði

Stoltur stuðningsaðili nýsköpunarsamfélagsins

Terra er í samstarfi við KLAK – Icelandic Startups vegna viðskiptahraðalsins Hringiðu sem leggur áherslu á lausnir sem stuðla að sjálfbærri þróun og styðja Hringrásarhagkerfið.


Styrkir ársins til samfélagslegra málefna

Samfélagsleg málefni sem við styrktum á árinu voru fjölbreytt.

Terra hefur veitt minni styrki til einstakra deilda innan íþróttafélaga með því skilyrði að þau taki þátt í plokki í sínu nærumhverfi. Með þessu er lögð áhersla á að fræða komandi kynslóðir um mikilvægi flokkunar og réttar meðhöndlunar úrgangs, þannig að þau tileinki sér góðar venjur þegar kemur að endurvinnslu og umhverfisvernd.

Skipting styrkja:

Málefni





8.18. | Við erum bakhjarl KLAK – Icelandic Startups / Hringiðu

Það er okkur mikil ánægja að halda áfram samstarfi við KLAK – Icelandic Startups en Terra hefur verið meðal bakhjarla KLAK síðan 2022 með því að leggja fram fjármagn og fulltrúa í stýrihóp viðskiptahraðalsins Hringiðu. Hringiða leggur áherslu á lausnir sem stuðla að sjálfbærri þróun og styðja hringrásarhagkerfið.

Markmið Hringiðu er að stuðla að því að á Íslandi rísi öflug sprotafyrirtæki sem byggja á hugmyndafræði hringrásarhagkerfisins, skapa verðmæt og áhugaverð störf og skili árangri í umhverfis- og loftslagsmálum á Íslandi. Þungamiðja Hringiðu eru skipulagðar vinnustofur og fundir með sérfræðingum úr hópi mentora frá KLAK. Framfarir þátttakenda undir handleiðslu mentoranna skila sér í stórauðnum líkum á að sprotarnir nái árangri á fyrstu stigum, íslensku samfélagi til hagsbóta. Þegar skýrsla þessi er rituð hefur stýrihópur Hringiðu valið sjö sprotateymi til að taka þátt í 8 vikna viðskiptahraði.

Nýsköpun og frumkvæði kveikur að samstarfi

Til okkar koma margvísleg efni og er það okkar markmið að koma þeim sem flestum aftur í hringrásina. Því miður fer of mikið magn forgörðum. Við viljum bæta úr því með því að gera öðrum kleift að nýta þessi efni og koma þeim þannig aftur í hringrásina. Við horfum til þess að eiga frumkvæði að og efla samstarf við helstu leikendur á markaðinum m.t.t. loftslagsmála og sjálfbærni.

Við undirritun samningsins; Ásta Sóllilja Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri KLAK – Icelandic Startups og forstjóri Terra, Valgeir M. Baldursson.





9. Stjórnarhættir



9.1. | Stefnuáherslur í stjórnarháttum

Við leggjum ríka áherslu á góða stjórnarhætti enda leggja þeir grunn að ábyrgri stjórnun og vandaðri ákvarðanatöku og stuðla að traustum samskiptum við starfsfólk, viðskiptavini, hluthafa, stjórn og aðra hagaðila.

Stjórn Terra leggur ríka áherslu á að viðhalda góðum stjórnarháttum og taka stjórnarhættir félagsins mið af lögum nr. 2/1995 um hlutafélög, lögum nr. 3/2006 um ársreikninga, samþykktum félagsins, starfsreglum stjórnar, siðareglum og stefnum félagsins. Félagið styðst við Leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja, 6. útgáfu, gefnum út af Viðskiptaráði Íslands, Nasdaq Iceland og Samtökum atvinnulífsins. Sjá nánar stjórnarháttayfirlýsingu félagsins í ársreikningi

Áherslur okkar í stjórnarháttum beinast að framkvæmd birgjamats m.t.t. sjálfbærni. Einnig leggjum við áherslu á eftirlit og áhættustjórnun, m.a. með ábyrgri áhættustýringu. Þá viljum við halda vottun á ISO 14001 umhverfisstjórnunarkerfi og auka upplýsingagjöf um sjálfbærni.

Í kjölfar mikilvægisgreiningar og með hliðsjón af sjálfbærnistefnu félagsins settum við okkur markmið í stjórnarháttum. Árangur og stöðu þeirra markmiða má sjá á næstu síðu.

Stjórnarhættir

Góðir og ábyrgir stjórnarhættir



Birgjamat



Eftirlit og
áhættustjórnun



Umhverfisstefna
og stjórnunarkerfi



Upplýsingagjöf

9.2. | Markmið og aðgerðaáætlun
í stjórnarháttum

Yfirmarkmið	Markmið	Lykilmælikvarðar	Tími	2023	2024
Birgjamat	Birgjamat framkvæmt með sjálfbærni að leiðarljósi	90% hlutfall af A birgjum hafa farið í gegnum birgjamat	2024		80%
	Siðareglur birgja sýnilegar og þeim framfylgt	Ferlar til staðar til að tryggja að siðareglum sé fylgt 90% hlutfall af A birgjum hafa staðfest siðareglur	2024 2024	N/A 	85% 
Eftirlit og áhættustjórnun	Áhættustýring	Ferlar og aðgerðir til staðar sem draga úr skilgreindum áhættuþáttum	2024	N/A	
	Stjórn og stjórnendur fari með reglubundnum hætti yfir sjálfbærniáhættuþætti	Sjálfbærniþættir í starfsemi Terra á fundardagskrá stjórnar	4x á ári		
Umhverfisstefna og stjórnunarkerfi	Viðhalda vottuðu umhverfisstjórnunarkerfi	Endurskoða mælanleg umhverfismarkmið árlega með tilliti til stöðugra umbóta	Árlega		
Upplýsingagjöf	Sjálfbærniskýrsla gefin út	Sjálfbærniskýrsla gefin út	Árlega		
	Sjálfbærnigögn séu staðfest af þriðja aðila	Sjálfbærnigögn staðfest af þriðja aðila	2024	N/A	
	Helstu sjálfbærniupplýsingar kynntar helstu hagaðilum	Upplýsingafundur / upplýsingar um lykilmælikvarða sjálfbærniþátta veittar með skilgreindri tíðni	2x á ári		



9.3. | Birgjamat

Birgjar Terra eru mikilvægur hluti af virðiskeðju félagsins og því mikilvægt að þeir uppfylli væntingar Terra og viðskiptavina félagsins, séu metnir með gæði, verð, áreiðanleika og sjálfbærni að leiðarljósi, ásamt því að þeir fylgi siðareglum. Birgjamat er mikilvæg leið til þess að hafa jákvæð áhrif á virðiskeðjuna og sporna um leið við spillingu, mannréttindabrotum og óheiðarlegu viðskiptasiðferði, svo eitthvað sé nefnt.

Við viljum byggja upp náð og traust samstarf við birgja sem deila sýn okkar á sjálfbærni og styðja þau fimm Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna sem við höfum skilgreint sem okkar kjarnamarkmið. Eitt þeirra er heimsmarkmið 12 um ábyrga neyslu og framleiðslu sem tekur m.a. til ábygrgra innkaupa.

Á árinu innleiddum við nýtt birgjamat sem hluta af okkar sjálfbærnistefnu. Með því móti höfum við unnið markvisst að því að greina, meta og efla gæði, áreiðanleika og sjálfbærni hjá okkar helstu birgjum.

Í birgjamatinu leggjum við áherslu á þætti sem snúa að umhverfisáhrifum, félagslegum þáttum og stjórnarháttum.

Við hvetjum birgja til að:

- Þekkja og draga úr umhverfisáhrifum starfsemi sinnar.
- Minnka losun gróðurhúsalofttegunda.
- Virða alþjóðleg mannréttindi og lágmarksréttindi starfsfólks.
- Tryggja jöfn tækifæri fyrir allt starfsfólk.
- Vinna gegn hvers kyns spillingu og mútum.

Á árinu svaraði stór hluti lykilbirgja okkar birgjamatinu og staðfesti á sama tíma siðareglur birgja og sjálfbærnistefnu Terra. Við höfum fengið mjög jákvæð viðbrögð frá birgjum og sjáum mikinn áhuga á að bæta enn frekar árangur í sjálfbærni.

„Við leggjum mikla áherslu á að velja birgja sem deila gildum okkar um sjálfbærni og samfélagslega ábyrgð. Með vandaðri greiningu og birgjamati tryggjum við að innkaupaferlar Terra stuðli að sjálfbærari framtíð.“



Karl F. Thorarensen,
innkaupstjóri Terra.



9.3. | Birgjamat

Í útboðum höfum við leitast við að velja birgja sem uppfylla þessi skilyrði. Í samningum höfum við einnig lagt mikla áherslu á að þeir birgjar sem við gerum langtíma-samninga við séu með kerfisbundna nálgun á umhverfis-starf sitt, helst í formi umhverfisstjórnunarkerfis (ISO 14000 eða samsvarandi) og við hvetjum þá til að vakta kolefnisspor sitt. Einnig að þeir taki frumkvæði til að stuðla að aukinni umhverfisábyrgð og leitast við að lágmarka áhrif á umhverfið með því að spara orku, endurvinna og tryggja viðeigandi förgun úrgangs.

Birgjarnir okkar skuldbinda sig til að starfa eftir vissum stöðlum tengdum markmiðum Terra er varða samfélagslega ábyrgð og samþykkja þeir einnig við undirritun samnings að gangast undir gæðaúttektir á eins til tveggja ára fresti.

Framundan er að stækka umfang birgjamatsins og efla samstarf við þá birgja sem deila sýn okkar í umhverfismálum. Með þeim hætti leggjum við okkar af mörkum til að stuðla að ábyrgri og grænni framtíð.

Við leggjum áherslu á samstarf með birgjum sem:

- Eru með vottað gæða- og/eða umhverfisstjórnunarkerfi
- Eru með viðurkennd umhverfismerki
- Setja sér mælanleg markmið til þess að draga úr umhverfisáhrifum
- Flokka í sjö úrgangsflokka
- Vinna eftir EKKO viðbragðsáætlun
- Eru með markmið um endurvinnsluhlutfall
- Eru með siðareglur og sjálfbærnistefnur og þau gögn séu birt opinberlega
- Virða lágmarksréttindi starfsfólks og starfa í samræmi við lög á vinnumarkaði á hverjum tíma
- Virða alþjóðleg mannréttindi og tryggja að vinna sé ekki unnin af nauðung, þrælkun né að þar vinni börn undir lögaldri við störf sem eru hættuleg heilsu þeirra eða velferð.
- Gefa starfsfólki jöfn tækifæri og kjör án tillits til kyns, kynvitundar, kynhneigðar, uppruna, þjóðernis, litarhafts, aldurs, fötlunar, trúar eða annarrar stöðu.

80%

Af A birgjum hafa
svarað birgjamati

85%

Af A birgjum hafa staðfest
siðareglur birgja



9.4. | Eftirlit og áhættustjórnun

Terra er á mikilvægum stað í virðiskeðju fjölmargra fyrirtækja og viljum við því gera það sem í okkar valdi stendur til þess að minnka líkur á sjálfbærnitengdum áhættupáttum.

Hvað varðar innra eftirlit og áhættustýringu hjá félaginu, þá er það hlutverk stjórnar, ásamt forstjóra, að hafa forystu um að móta stefnu, setja markmið og skilgreina áhættuviðmið félagsins, bæði til skemmri og lengri tíma. Til að tryggja að reikningsskil félagsins séu í samræmi við góða reikningsskilavenju hefur félagið lagt áherslu á vel skilgreind ábyrgðarsvið, eðlilega aðgreiningu starfa, ásamt reglulegri skýrslugjöf og gagnsæi í starfseminni. Mánaðarleg skýrslugjöf ásamt rýni fyrir einstök svið er mikilvægur þáttur í eftirliti með afkomu og öðrum lykilþáttum starfseminnar.

Megináhættur í rekstri Terra eru margvíslegar en snúa einna helst að öryggi og umhverfi. Ein helsta áhættan í starfsemi félagsins er hættan á bruna vegna sjálfsíkveikju í úrgangi, umferðaróhöpp og slys, umhverfisslys, bæði í umferðinni og á starfsstöðvum félagsins, orðsporsáhætta og áhætta í virðiskeðjunni.

Á árinu var áhættumat félagsins endurskoðað m.a. með tilliti til sjálfbærnitengdra áhætta og mun sú vinna halda áfram árið 2025. Fram til þessa hefur félagið framkvæmt hefðbundið áhættumat í samræmi við stjórnunarstaðla félagsins.

Á árinu voru sjálfbærnipættir í starfsemi Terra ræddir reglulega á fundum framkvæmdastjórnar og stjórnar félagsins. Við ætlum að halda sjálfbærniáhættupáttum enn betur á lofti og upplýsa oftari um stöðu sjálfbærnimála félagsins, jafnt til stjórnenda og stjórnar en ekki síður til starfsfólks félagsins.





9.5. | Umhverfisstefna og stjórnunarkerfi



Það er stefna Terra að stuðla að betri umgengni við jörðina og ábyrgri nýtingu auðlinda í átt að hringrásarhagkerfinu. Einnig vill félagið hafa jákvæð umhverfisáhrif á viðskiptavinum sína og samfélagið. Þá er ekki síður mikilvægt fyrir félag sem veitir öðrum ráðgjöf um úrgangsstýringu að vera til fyrirmyndar fyrir aðra þegar kemur að slíkum málum.

Frá 2013 hefur Terra verið með vottað umhverfisstjórnunarkerfi samkvæmt ISO 14001 staðlinum en auk þess er félagið með vottað gæðastjórnunarkerfi samkvæmt ISO 9001 síðan árið 2018 og jafnlaunavottun ÍST 85:2012 síðan árið 2020. Vottanirnar ná yfir allar starfstöðvar félagsins og staðfesta þær að rekstur félagsins sé í samræmi við kröfur staðlanna.

Vottanir ytri aðila tryggja eftirlit með fylgni við stefnur og að unnið sé jafnt og þétt að lykilmælikvörðum félagsins. Þá er félagið með samning við Klappir grænar lausnir um notkun á sjálfbærnislausn þeirra til að halda utan um árangur aðgerða í UFS þáttum og gerð sjálfbærniuppgjors.

* Sjá umhverfisstefnu á vefsíðu félagsins.

Við ætlum að halda vottun á umhverfisstjórnunarkerfi áfram líkt og undanfarin ár. Á grundvelli nýlegrar umhverfisstefnu og endurskoðun mælanlegra umhverfismarkmiða munum við halda áfram að uppfæra innra verklag til að tryggja vöktun á nýjum markmiðum og mælingum. Við höldum þannig áfram að styrkja verklag og ferla þegar kemur að innri endurskoðun, hvort sem það snýr að mælanlegum umhverfismarkmiðum eða öðrum markmiðum, m.t.t. stöðugra umbóta.





9.6. | Upplýsingagjöf

Við hjá Terra höfum metnað til þess að ganga lengra en verið hefur og auka upplýsingagjöf með árlegri útgáfu sjálfbærniskýrslu þar sem gerð er grein fyrir sjálfbærnimálum félagsins, UFS þáttum (viðmiðum Nasdaq um upplýsingagjöf) og Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun.

Auk þess gerðist Terra aðili að UN Global Compact sem eru samtök Sameinuðu þjóðanna og atvinnulífsins um ábyrga starfshætti þar sem fyrirtæki eru hvött til góðra verka í þágu samfélagsins með sjálfbærni að leiðarljósi. Með þátttöku sinni hefur Terra skuldbundið sig til að innleiða tíu meginmarkmið sáttmálans í starfsemi sína.

Aukin krafa um upplýsingagjöf fyrirtækja um rekstur og framlag þeirra til sjálfbærni er að okkar mati eðlileg og nauðsynleg þróun. Slík upplýsingagjöf og gagnsæi veita viðskiptavinum, samfélaginu og öðrum hagaðilum betri

heildarsýn yfir stöðu fyrirtækja. Með auknu gagnsæi gefst hagaðilum tækifæri til að veita fyrirtækjum aukið aðhald sem er af hinu góða.

Þessi skýrsla er þriðja sjálfbærniskýrsla félagsins en annars hafði upplýsingagjöf félagsins varðandi sjálfbærni fyrst og fremst verið miðlað í ársreikningi félagsins og með einstaka fréttum á vefsíðunni terra.is og samfélagsmiðlum.

Við hjá Terra viljum vera til fyrirmyndar og taka upplýsingagjöf fastari tökum, því þá eykst metnaður okkar til að ná fram settum markmiðum. Þess vegna skiptir það okkur máli að gera upplýsingagjöf að sérstöku markmiði og ganga þannig lengra en núverandi lögbundnar kröfur til félaga á stærð við Terra segja til um.

Félagið mun gefa út sjálfbærniskýrslu árlega samhliða ársreikningi sem inniheldur helstu lykilmælikvarða fyrirtækisins. Þá mun þriðji aðili staðfesta sjálfbærnigögn Terra í náinni framtíð. Einnig munum við kynna helstu sjálfbærniupplýsingar fyrir helstu hagaðilum félagsins, bæði með samtölum og með því að hafa

sjálfbærnistefnu, -markmið og -skýrslu okkar aðgengileg á innri vef okkar og heimasíðu fyrirtækisins.



Gróa Björg Baldvinsdóttir, framkvæmdastjóri sjálfbærni og menningar, og Auður Hrefna Guðmundsdóttir svæðisstjóri UN Global Compact á Íslandi undirrita samninginn.



10. Stöðugar umbætur

10. |

Lokið var við eftirtalin
umbótaverkefni árið 2024:

Umbætur eru lykilatriði í okkar starfsemi. Með stöðugri greiningu og umbótum leitumst við við að bæta nýtingu auðlinda, spara tíma og lágmarka umhverfisáhrif. Við vinnum markvisst að því að þróa betri lausnir, innleiða nýjar tæknilausnir og styrkja innri ferla til að stuðla að sjálfbærni til lengri tíma. Með því að setja skýr markmið og fylgja þeim eftir tryggjum við stöðugar framfarir í átt að sjálfbærari rekstri.

Lokið var við eftirtalin umbótaverkefni árið 2024:

Tækjabúnaður og Aðstaða

- ✓ Nú **vél sem hakkar úrgang** sem eykur afkastagetu og gengur fyrir rafmagni í stað eldsneytis.
- ✓ Nú **pressa** fyrir endurvinnsluefni, knúin rafmagni.
- ✓ Bætt lýsing og nýtt bómuhlið við starfsstöð í Berghellu.
- ✓ Endurskipulagning á verkefnum og nýtingu innviða í Hafnarfirði.
- ✓ Nýtt húsnæði leigt fyrir lager – bætt vinnuaðstaða og færri gámar á útisvæði.
- ✓ Hitablásari settur upp fyrir stöðugra hitastig í málningarvinnu, minni olúnotkun.

Rekstur og Verkefnastýring

- ✓ Verkefni í útflutningi og lestun gáma betur skipulögð.
- ✓ Allt drif flutt í skýjaumhverfi.
- ✓ Nýtt tölvukerfi fyrir viðgerðir með betri yfirsýn yfir kostnað og tíma.
- ✓ Betri stjórnun á rafmagni, m.a. með tímastýrðum vatnsdælum og ljósum á aðalrofa.
- ✓ Hleðslustöð fyrir rafmagnsbíla sett upp við verkstæði.

10. |

Lokið var við eftirtalin
umbótaverkefni árið 2024:

Þjálfun og Öryggismál

- ✓

Námskeið erlendis um vigtarkerfi.
- ✓

Skyndihjálparþjálfun fyrir starfsfólk.
- ✓

Uppfærð viðbragðsáætlun vegna EKKO og þjálfun.
- ✓

Bættar merkingar á vinnustöðum og rafræn
vöktun.
- ✓

Umbætur í öryggismálum í Berghellu.
- ✓

Nýr vinnufatnaður, samið við nýjan birgja.
- ✓

Uppfærð áhættumat starfa.

Stjórnun og Innleiðingar

- ✓

Gæðahandbók uppfærð og gerð aðgengilegri.
- ✓

Rafræn nýliðafræðsla tekin í notkun.

- ✓

Innleiðing á beiðnakerfi í þjónustuveri og
stjórnstöð fyrir betri yfirsýn.
- ✓

Samtenging á milli launakerfis og viðverukerfis.
- ✓

Mikilvægi umbótaverkefna aukið og skráning
endurgjafar eftl.

Tækni og Fjármálakerfi

- ✓

Nýtt aksturs- og þjónustukerfi innleitt.
- ✓

Nýtt fjárhagskerfi fyrir Terra umhverfisþjónustu.
- ✓

Innheimtulausn fyrir gámaplön.
- ✓

Flutningur á netþjónum í skýjaumhverfi.
- ✓

Innleiðing á verkbeiðnakerfi.
- ✓

Sjálfvirknivæðing frá skynjurum yfir í beiðnir.

- ✓

Samþætting kerfa.
- ✓

Myndavélakerfi bætt og númeralestur á bílum.

Aðstaða og Vinnuumhverfi

- ✓

Vinnurými á skrifstofu Terra á Norðurlandi endurbætt.
- ✓

Uppfærðar merkingar og skilti fyrir betri ásýnd og
aukið öryggi.



11. Flokkunarreglugerðin (EU Taxonomy)



11.1. | Flokkunarreglugerð

Flokkunarreglugerð (ESB 2020/852) var innleidd í íslenskan rétt þann 1. júní 2023 með lögum nr. 25/2023 um upplýsingagjöf um sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu og flokkunarkerfi fyrir sjálfbærar fjárfestingar. Upplýsingaskylda flokkunarreglugerðarinnar nær til fyrirtækja sem falla undir skyldu gr. 66.d. ársreikningalaga nr. 3/2006 um ófjárhagslega upplýsingagjöf. Terra umhverfispjónusta hf. („félagið“ eða „Terra“) er þar á meðal og tekur eftirfarandi upplýsingagjöf einnig til starfsemi dótturfélagsins, Terra Einingar ehf.

Markmið flokkunarreglugerðarinnar er að koma á flokkunarkerfi til að skilgreina umhverfislega sjálfbæra atvinnustarfsemi. Umhverfismarkmið flokkunarreglugerðarinnar eru (a) mildun, (b) aðlögun að loftlagsbreytingum, (c) sjálfbær notkun og verndun vatns- og sjávarauðlinda, (d) umbreyting yfir í hringrásarhagkerfi, (e) mengunarvarnir og -eftirlit og (f) verndun og endurheimt líffræðilegrar fjölbreytni og vistkerfa. Samkvæmt 3. gr. reglugerðarinnar skal atvinnustarfsemi, sem telst umhverfislega sjálfbær,

stuðla verulega að einu eða fleiri umhverfismarkmiðum, skaða ekki verulega önnur umhverfismarkmið, vera stunduð í samræmi við lágmarksverndarráðstafanir og hlíta tæknilegum matsviðmiðum. Í framseldri reglugerð (ESB) 2021/2139 hafa verið sett fram þau tæknilegu matsviðmið sem atvinnustarfsemi skal hlíta ef stuðla á verulega að mótvægi við loftslagsbreytingar eða aðlögun að loftslagsbreytingum. Í framseldri reglugerð (ESB) 2023/2486 hafa verið sett fram tæknileg matsviðmið vegna seinni fjögurra umhverfismarkmiðanna. Viðbótin var kynnt með breytingum á reglugerð nr. 10/2024 um flokkunarkerfi um sjálfbærar fjárfestingar, sem tók gildi 1. janúar 2025.

Atvinnustarfsemi Terra sem flokkunarkerfið nær yfir (e. eligible)

Félagið fór á árinu í viðeigandi greiningar á þeim hluta atvinnustarfseminnar sem flokkunarkerfið nær yfir og mat á þeim tæknilegu matsviðmiðum sem þeim fylgja. Stór hluti aðgerða hjá Terra hefur með hringrásarhagkerfið að gera þar sem leitast er við að koma efnunum aftur í hringrásina, efnunum komið í réttan

farveg og sem mest endurnýtt eða endurunnið og lágmarka úrgang til urðunar. Því var ákveðið að greina þau viðmið sem sett eru fram í framseldri reglugerð (ESB) 2023/2486 þar sem kjarnastarfsemi félagsins og áherslur þess snúa fyrst og fremst að umskiptum yfir í hringrásarhagkerfi.





11.1. | Flokkunarreglugerð

Söfnun og flutningur á hættulausum og hættulegum úrgangi – Umskipti yfir í hringrásarhagkerfi

Atvinnustarfseminni er lýst sem aðskilinni söfnun og flutningum á hættulausum og hættulegum úrgangi til að undirbúa fyrir endurnotkun eða endurvinnslu, þ.m.t. bygginga, reksturs og uppfærslu starfsstöðva til söfnunar og flutnings á slíkum úrgangi, svo sem rekstur almenningsaðstöðu og stöðva til tilfærslu úrgangs, til að endurheimta efnivið. Kjarnastarfsemi Terra umhverfispjónustu felst í söfnun og flokkun úrgangs, spilliefna og raftækja. Hluti þeirra efna sem Terra safnar eru flokkuð nánar og send í viðeigandi farveg með það að markmiði að koma sem mestu aftur inn í hringrásarhagkerfið.

Félagið uppfyllir þær kröfur sem settar hafa verið fram til að stuðla verulega að umskiptum í hringrásarhagkerfi (e. substantial contribution) en vinnur enn að greiningu og úrbótum vegna viðmiða fyrir önnur umhverfismarkmið, þ.e. að valda ekki verulegu tjóni (e. do no significant harm criteria, DNSH).

Flokkun og endurheimt efniviðar úr hættulausum úrgangi – Umskipti yfir í hringrásarhagkerfi

Atvinnustarfseminni er lýst sem byggingu, uppfærslu og rekstri starfsstöðva til að flokka eða endurheimta hættulausa úrgangsstrauma í hágæða endurunnin hráefni með vélrænni umbreytingaraðferð. Hluti af starfsemi Terra felst í rekstri starfsstöðva til að flokka og endurheimta efni til að setja í endurnýtingu eða endurvinnslu.

Félagið uppfyllir þær kröfur sem settar hafa verið fram til að stuðla verulega að umskiptum í hringrásarhagkerfi (e. substantial contribution) en vinnur enn að greiningu og úrbótum vegna viðmiða fyrir önnur umhverfismarkmið, þ.e. að valda ekki umtalsverðu tjóni (e. do no significant harm criteria, DNSH).

Önnur kjarnastarfsemi félagsins og dótturfélaga þess sem flokkunarkerfið nær yfir er: Smíði nýrra bygginga (3.1 CE, 7.1 CCM/CCA), Kaup og eignarhald á byggingum (7.7 CCM/CCA) og Vöruflutningaþjónusta á vegum (6.6 CCM/CCA). Verulegt framlag Terra til viðeigandi umhverfismarkmiða sem umrædd atvinnustarfsemi stuðlar að var metið en vegna sérstakra kringumstæðna hér á landi, t.d. undanþágu Íslands frá beitingu tilskipunar 2010/31/EBS um orkunýtingu bygginga, var sú greining ekki tekin lengra að svo stöddu.



11.1. | Flokkunarreglugerð

Lágmarksverndarráðstafanir

Lágmarksverndarráðstöfun flokkunarreglugerðarinnar er ætlað að varpa ljósi á þau áhrif sem félagið kann að hafa á félagslega þætti. Viðmiðin snúa að þeim verkferlum sem tryggja lágmarksfylgni við viðmið Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) fyrir fjölþjóðleg fyrirtæki og Sameinuðu þjóðanna um mannréttindi og viðskipti. Upplýsa þarf um mannréttindi, spillingu- og mútupægni, skattamál og samkeppnismál. Félagið hefur ekki gerst brotlegt samkvæmt settum reglum og lögum viðeigandi eftirlitsaðila á sviði mannréttinda, spillingu/mútupægni, samkeppni eða skatta. Terra hefur sett sér sjálfbærnistefnu og styður við tiltekin Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna. Félagið hefur þar með skuldbundið sig til þess að starfa í samræmi við grundvallarviðmið sem snúa að mannréttindum og aðgerðum gegn spillingu og öðrum framangreindum þáttum. Nánari umfjöllun um hvern þátt má finna hér að neðan.

Félagið hefur skilgreint aðgerðir til þess að tryggja að stefnum félagsins og markmiðum verði framfylgt. Út frá stefnum félagsins eru sett markmið sem eru gefin út í gæðakerfi félagsins. Félagið hefur innleitt þrjár vottanir, ISO 9001 gæðastjórnunar staðal, ISO 14001 umhverfisstjórnunar staðal og ÍST 85:2023 jafnlauna staðal. Vottanir ytri aðila tryggja eftirlit með fylgni við stefnur og markmið félagsins. Jafnframt tryggir það að unnið sé jafnt og þétt að markmiðum félagsins. Allar þrjár vottanirnar eru teknar út einu sinni á ári og þar með stjórnkerfi félagsins. Terra er að vinna í því að samþætta ofangreinda verkferla til þess að geta gengið að því vísu að fyrirtækið uppfylli lágmarksverndarráðstafanir samkvæmt evrópska flokkunarkerfinu með því að yfirfara stefnur og ferla tengt neðangreindum atriðum.

Mannréttindi

Hjá félaginu eru í gildi siðareglur samþykktar af stjórn en tilgangur þeirra er að veita stjórn, stjórnendum og starfsfólki Terra og annarra sem starfa eða koma fram undir merkjum félagsins almennar leiðbeiningar þegar kemur að því að gæta siðferðislegrar ábyrgðar.

Mannréttindi og fjölbreytileiki skipta félagið miklu máli og eru gerðar ríkar kröfur til félagsins og birgja þess þegar kemur að þeim málaflokkum. Félagið virðir mannréttindi í hvívetna og hefur einsett sér að axla ábyrgð á sinni virðiskeðju. Félagið hefur einnig sett sér siðareglur birgja og gerir félagið þær kröfur til birgja sinna að þeir fylgi ákveðnum grundvallarviðmiðum, m.a. að virða alþjóðleg mannréttindi og tryggja að vinna hjá birgja sé ekki af nauðung, þrælkun né að þar vinni börn undir lögaldri við störf sem eru hættuleg heilsu þeirra eða velferð.

Þá sér félagið fyrir viðeigandi fræðslu til starfsfólks um réttindi þeirra, jafnrétti, mismunun og leiðir til að tilkynna um mál sem tengjast einelti, kynbundinni og kynferðislegri áreitni og ofbeldi (EKKO). Allt starfsfólk Terra getur tilkynnt um ámælisverða háttsemi eða lögbrot og eru tilkynningar unnar af óháðum utanaðkomandi fagaðila.

Félagið hefur sett sér persónuverndarstefnu og starfar eftir lögum um persónuvernd. Þá eru einnig gildandi reglur og verklag varðandi vernd uppljóstrara samkvæmt lögum nr. 40/2020.



11.1. | Flokkunarreglugerð

Spilling/mútupægni

Í siðareglum Terra er áhersla lögð á að öll viðskipti félagsins séu framkvæmd á armslengdargrunni og að félagið líði aldrei mútur, spillingu, hagsmunaárekstra, né neins konar óviðeigandi fyrirgreiðslu, hvort heldur af hálfu félagsins eða gagnvart félaginu.

Samkvæmt siðareglum birgja gerir Terra þá kröfu til birgja sinna að þeir vinni gegn hvers kyns spillingu, þar með talið kúgun og mútum, beint eða óbeint, í eigin þágu eða annarra.

Samkeppnismál

Samkvæmt siðareglum félagsins stundar félagið viðskipti af heiðarleika og einsetur sér að fara að lögum, reglum og almennum viðmiðum um siðferði í viðskiptum og þar með samkeppnislögum. Stjórnendur félagsins þekkja til meginreglna samkeppnismála í takt við áhættumat félagsins. Félagið mun kynna betur og fræða starfsfólk sitt um samkeppnisreglur og áhættur þar að lútandi.

Skattamál

Terra hagar skattamálum sínum í samræmi við lög og reglur, ásamt bæði venjum og alþjóðlegum leiðbeiningum, og tekur ekki þátt í starfsemi eða athöfnum þar sem grundvallarviðmið um sanngjarna og réttláta skattlagningu eru virt að vettugi samkvæmt opinberri skattastefnu Terra sem sett var á árinu 2024. Stefnan er hluti af langtímaáætlun félagsins og tekur mið af sjálfbærnistefnu þess ásamt því að uppfylla kröfur í lögum, reglum og reglugerðum. Terra hefur verklag og innra eftirlit sem miðar að því að tryggja fylgni við stefnu þessa. Í samræmi við stefnu okkar og reglur um vernd uppljóstrara er til staðar verklag og kerfi sem tryggir farveg ábendinga, kvartana eða áhyggja varðandi hegðun eða gjörðir sem ganga gegn viðmiðum okkar og stefnu í skattamálum. Forstjóri hefur það hlutverk að hrinda stefnu þessari í framkvæmd og kynna hana fyrir stjórnendum og starfsfólki.

[Hægt er að lesa nánar um stefnur félagsins og hvernig unnið er að settum stefnum á ytri vef félagsins, ásamt siðareglum félagsins.](#)

Lykilárangursmælikvarðar

Félagið birtir upplýsingar eins og tilgreint er í l. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2021/2179. Upplýsingar um lykilárangursmælikvarða eru birtar í uppfærðu sniðmáti sem sett var fram í framseldri reglugerð (EBS) 2023/2486. Sjá nánar veltu, fjárfestingargjöld og rekstrargjöld í ársreikningi samstæðunnar.



12. Sjálfbærniuppgjör 2024



Nálgast má sjálfbærniuppgjör
Terra 2024 hér:

terra.is/is/um-terra/sjalfbaerni

